

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Hamborgarar



GRÓÐURMOLD - 50 LTR
Fáðu fjóra en borgaðu fyrir þrjá. Stykkjaverð, kr 1290

Europpris

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

13. júlí 2011
161. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011




Prastaskógur 100 ára
UMFÍ stendur fyrir vikulegum göngum um Prastaskóg í tilefni afmælisins.
tímamót 16

Í partí með Kate Moss
Ljósmyndarinn Hörður Ellert Ólafsson lenti í ýmsum ævintýrum á Glastonbury-hátíðinni í júní.
fólk 26



Guðjón er stórhuga
Guðjón Baldvinsson ætlar að skrá sig í sögubækurnar hjá KR.
sport 22

veðrið í dag



BONGÓBLÍÐA A-LANDS í dag verða suðaustan 8-13 m/s og væta S- og V-lands. Annars hægari og bjart, einkum A-til. Hiti 10-20 stig, hlýjast NA-lands.
VEÐUR 4



VÍTISLOGAR Slökkviliðið barðist við eldinn í dekkjahaugi Hringrásar með því að sprauta á hann vatni og froðu. Stór krabbkló frá fyrirtækinu var notuð til að dreifa úr haugnum. Reynslan frá stórbruna á sama stað fyrir sjö árum nýttist vel við slökkvistarfið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nágrannar fyrirtækisins Hringrásar geta þakkað vindáttinni órofinn nætursvefn:

Stórbruni af mannavöldum

BRUNI Talið er að mikill eldsvoði í dekkjahaug á lóð fyrirtækisins Hringrásar við Sundahöfn í fyrri-nótt hafi verið mannanna verk. Á upptöku úr öryggismyndavél má sjá hóp manna koma aðvífandi á bílum og kasta einhverju sem virðist vera bensínsprengja að haugnum. Mennirnir eru ófundnir.

Engan sakaði í eldsvoðanum en hagstæð vindátt varnaði því að rýma þyrfti nálæg íbúðarhús, þeirra á meðal dvalarheimilið Hrafnistu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem mikill eldur kemur upp í dekkjum á lóð fyrirtækisins. Það sama gerðist árið 2004, en þá tók tvo daga

að slökkva eldinn og flytja þurfti á sjötta hundrad manns af heimilum sínum tímabundið.

Af þessum sökum efast formaður borgarráðs og slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins nú um að Hringrás geti verið áfram á sama stað. Framkvæmdastjórinn kveðst þó ekki á förum. - sh / sjá síður 4 og 6

Scott vill frið við Dettifoss

Aðgangur að náttúru-ferlu verður takmarkaður á meðan tókur á bandarískri stórmynd fara fram.

FÓLK Aðgangur almennings að Dettifossi verður takmarkaður í tvo daga á meðan tókur á geimveru-myndinni Prometheus, í leikstjórn Ridley Scott, fara fram síðar í mánuðinum. Tókur á myndinni hófust á mánudag við

rætur Heklu. Hundruð ferðamanna koma að fossinum dag hvern. Tvær leiðir eru þeim venjulega opnar, vesturleiðin sem heyrir undir Vatnajökuls-

þjóðgarð og austurleiðin sem heyrir undir Umhverfisstofnun (UST).

UST hefur gefið grænt ljós á tókur austan megin við fossinn og verður lokað fyrir aðgang þar. Umsókn um tókur vestan megin er enn á borði þjóðgarðsvarðar en verður afgreidd síðar í vikunni. Verði hún samþykkt verður aðgengi takmarkað og gömul leið opnuð. „Takmarkanir munu ekki hafa nein afgerandi áhrif á ferðamennsku á svæðinu,“ segir Hjörleifur Finns-son þjóðgarðsvarður.

Tökuliðið hefur gengist undir skilyrði sem UST setur, meðal annars að skila þurfi svæðinu jafngóðu ef ekki betra en það var áður en tókur hófust.

Þór Kjartansson, starfsmaður íslenska fyrirtækisins True North sem vinnur að myndinni, segir að lítið sem ekkert verði raskað við náttúrunni við Dettifoss enda töku-staðurinn náttúruvætti.

Hann segir fyrirtækið hafa átt gott samstarf við UST, starfsmenn þjóðgarðsins, sveitarfélög, sýslumenn og ferðaþjónustuaðila. Um 360 manns koma að verkefninu, þar af 160 Íslendingar.



RIDLEY SCOTT

HLEÐSLA 100% HÁGÆÐA ÍPRÓTTADRYKKJUN MYSUPRÓTEIN



NÝ BRAGÐ-TEGUND

NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULADI

WWW.MS.IS



OPID 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

20% AFSLÁTTUR

Smjörvi TILBOÐ

Smjörvi í sérmerktum umbúðum á 20% lægra verði



Magnús, eru þetta nokkuð óhrein dýr?

„Nei, þetta verða rándýr hreindýr.“

Magnús Ólafur Hansson fer fyrir hópi manna sem vilja flytja hreindýr til Vestfjarða. Yfirdýralæknir og Búnaðarsamband Strandamanna leggja gegn hugmyndinni vegna smíthættu.

Þingmaður óskar skýringa:

Vill sjónvarpsfund um ESB

ALÞINGI Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir fundi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að ræða ýmislegt er varðar aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Hann vill að fundurinn verði opin og að honum verði sjónvarpað.

Sigurður óskar eftir því að Bændasamtökin verði boðuð á fundinn og kynni nýframsettar varnarlinur sínar og nýja bók um landbúnaðarkerfi ESB. Þá telur Sigurður ýmsar yfirlýsingar utanríkisráðherra gefa tilefni til fundar. Eins vill hann fá ástæður fyrir meintum skorti á samráði og því að samningahópar fundi ekki reglulega.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Bifhjólaslys á Norðurlandi:

Sækja þurfti neyðarblóð

SLYS Alvarlegt bifhjólaslys varð nýr á Skaga á milli Skagafjarðar og Húnaflóa undir kvöld í gær. Landhelgisgæslunni barst tilkynning um slysið um tíu mínútur í sjó.

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LIF var nýfarin í loftið til æfingar þegar hún var kölluð til Reykjavíkurflugvallar. Þar bættist þyrlulæknir við áhöfnina auk þess sem ákveðið var að fá neyðarblóð hjá Blóðbankanum, að því er fram kemur í tilkynningu.

Þyrlan lenti á vettvangi slyssins klukkan rétt rúmlega átta og kom með bifhjólamanninn að Landspítalanum í Fossvoginum rétt fyrir klukkan tíu.

Rúmlega 61 prósent landsmanna les Fréttablaðið hvern útgáfudag, samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent:

Lestur Fréttablaðsins eykst milli kannana

FJÖLMÍÐLAR Fleiri lesa nú Fréttablaðið en í byrjun árs, samkvæmt nýrri prentmiðlakönnun Capacent. Um 61,3 prósent landsmanna á aldrinum 12 til 80 ára lesa Fréttablaðið að meðaltali. Það er 1,3 prósentustiga aukning frá síðustu könnun sem náði frá janúar og fram í mars. Nýja könnunin nær yfir apríl og fram til júní.


Meðallestur á Morgunblaðinu mælist 31,7 prósent og dregst saman um 1,5 prósentustig. DV rekur lestina í hópi dagblaða með 13 prósentu meðallestur. Það er 0,5 prósentu aukning.

Mæling Capacent leiðir í ljós að Fréttatíminn er mest lesna viku- blaðið. Það lesa alls 40,4 prósent landsmanna. Lestur blaðsins dalaði um 1,4 prósent á milli mælinga. Lestur þriggja annarra vikublaða var nú mældur í fyrsta sinn.

Finnur.is er með 26,6 prósentu lestur, fjórðungur les Monitor og 10,2 prósent Viðskiptablaðið.

Ef horft er á aldurshópinn 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu eru yfirburðir Fréttablaðsins enn meiri; 71,8% meðallestur á móti 28,6% hjá Morgunblaðinu, 10,7% hjá DV og 48,6% hjá Fréttatímanum. - jab

Meðallestur á hvert tölublað



Gagnrýna að ríki styðji Sea Shepherd

Fulltrúar nokkurra ríkja í Vestur-Afríku fengu ekki vegabréfsáritun til Bretlands til að sækja fund Alþjóðahvalveiðiráðsins. Íslensk stjórnvöld gagnrýna Holland og Ástralíu fyrir að veita skipum Sea Shepherd skráningu og þjónustu.

UTANRÍKISMÁL Bretar hafa legið undir ámæli frá fulltrúum ýmissa þróunarríkja á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem bresk stjórnvöld létu undir höfuð leggja að gefa út vegabréfsáritun til fulltrúa nokkurra aðildarríkja í Vestur-Afríku. Gagnrýnt er að fulltrúarnir hafi þannig verið hindraðir í að taka þátt í fundinum, koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Tómas H. Heiðar, formaður íslensku sendinefndarinnar, segir að Íslendingar hafi lýst fullri samúð með umræddum þróunarríkjum og lagt áherslu á að vegna þessa óheppilega máls bæri ekki að greiða atkvæði um neinar tillögur á fundinum. Málið er enn óútljád.

Tómas segir andrúmsloftið í ráðinu hafa batnað mjög frá fundinum í Agadir í fyrra, en þar mistókst að ná málamiðlun milli fylgjenda og andstæðinga hvalveiða. „Undir niðri kraumar hins vegar og lítið má út af bera til að úfar rísi. Á ársfundinum hafa komið upp nokkur mál sem vakið hafa sterka tilfinningar,“ segir Tómas.

Hann vísar þar meðal annars til þess, auk málsins með áritanirnar, að Japan vakti í gær máls á því sem fulltrúi landsins kallaði ofbeldisfullar og lífshættulegar aðgerðir Sea Shepherd-samtakanna gegn japönskum hvalveiðiskipum í Suðurhófum. Fjölmörg



SEA SHEPHERD Fulltrúi Íslands lagði áherslu á að beina ætti sjónum að aðildarríkjum sem styðja aðgerðir Sea Shepherd.

aðildarríki, bæði úr hópi fylgjenda og andstæðinga hvalveiða, fordæmdu aðgerðirnar.

„Ísland lagði áherslu á að ekki ætti að beina sjónum að hryðjuverkasamtökunum Sea Shepherd, heldur fremur þeim aðildarríkjum ráðsins sem styddu aðgerðir þeirra beint og óbeint. Gagnrýndi Ísland sérstaklega Holland, þar sem skip samtakanna eru skráð, og Ástralíu, sem veitir skipunum þjónustu í höfnum sínum, fyrir að fullnægja ekki alþjóðlegum skuldbindingum sínum sem fánaríki og hafnríki og styðja með aðgerðar-

leysi sínu hinar hættulegu aðgerðir umræddra samtaka,“ segir Tómas.

Hann segir það hafa vakið athygli hve dregið hafi úr mót-mælum gegn hvalveiðum. „Þegar íslenska sendinefndin kom til ársfundarins á mánudag voru aðeins örfáir mótmælendur fyrir utan fundarstaðinn. Við finnum fyrir auknum skilningi á þeim málstað sem við höfum haldið á lofti um réttinn til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafnsins, þar á meðal sjávarspendýra.“

kolbeinn@frettabladid.is



UMFERÐ Líklegt má telja að enn hafi dregið úr notkun einkabílsins í sumar þar sem bensínverð er nokkuð hærra nú en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Rannsókn Vegagerðarinnar:

Notkun einkabílsins minni

SAMGÖNGUMÁL Notkun einkabílsins dróst nokkuð saman síðasta sumar borð saman við sumarið 2008. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu Vegagerðarinnar sem fjallað er um í nýjasta tölublaði Framkvæmdafrétta.

Í skýrslunni kemur fram að 32 prósent einstaklinga notuðu einkabílinn minna sumarið 2010 en sumarið 2008. Hins vegar notuðu 11 prósent einkabílinn meira.

Þá hefur orðið breyting á viðhorfum höfuðborgarbúa til samgönguframkvæmda en bættar almenningssamgöngur og betri göngu- og hjólastígar eru nú taldir mikilvægustu framkvæmdirnar. Áður voru það Sundabraut og bæting stofnbrautakerfisins. - mþ

Arctic Trucks til Afríku:

Íslenskt hugvit er gæðastimpill

VIÐSKIPTI Arctic Trucks hefur landað fimm ára samningi við franska bíladreifingaraðilann CFAO automotive. Samningurinn felur í sér notkun á vörumerki Arctic Trucks meðal annars við breytingar, sölu og þjónustu við Toyota-jeppa í fjórtán Afrikulöndum.

„Í farvatninu eru fleiri samningar sem tengjast Afríku þar sem fjöldi bifreiða verður væntanlega enn meiri,“ segir Emil Grímsson, stjórnarformaður Arctic Trucks.

- rve / allt í miðju blaðsins

Stjórn og stjórnarandstaða hvetja Murdoch til að hætta við BSKyB-kaup:

Murdoch komi fyrir þingnefnd

BRETLAND, AP Breska stjórnin tók í gær undir kröfur stjórnarandstöðunnar um að fjölmiðlajöfnurinn Rupert Murdoch hætti við að kaupa meirihluta í sjónvarpsstöðinni BSKyB.

Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra og fyrrverandi leiðtogi Verkamannaflokksins, gagnýnir dagblöð Murdochs harðlega fyrir hleranir á farsínum, sem nú er komið í ljós að blaðamenn á News of the World hafa stundað.

Hann segir ljóst að þeir hafi með ólöglegum hætti komist að því árið 2006 að sonur hans nýfæddur væri með hrörnunarsjúkdóm.

Gagnrýni hefur einnig beinst að bresku lögreglunni fyrir að hafa ekki þá strax rannsakað af fullri alvöru ásakanir á hendur



RUPERT MURDOCH Kallaður fyrir breska þingnefnd í næstu viku ásamt syni sínum, James. NORDICPHOTOS/AFP

News of the World um hleranir.

Þáverandi yfirmenn lögreglunnar segja yfirmenn blaðsins ekki hafa sýnt samvinnu við rannsóknina, en lögreglan hafi haft í nógu öðru að snúast við rannsókn hryðjuverkamála.

Bæði Murdoch og sonur hans, James Murdoch, hafa nú verið beðnir um að mæta til fundar hjá breski þingnefnd í næstu viku til að fara yfir þessi mál. Ekki er vitað hvort þeir ætla að mæta.

- gb

Ný bragðtegund **Texmex**

Smurostar
við öll tækifæri

Ný bragðtegund **með papríku**

...tvær nýjar bragðtegundir

ms.is



Stærsta
3G net
landsins

Meira Ísland með Símanum

Ef þú átt snjallsíma getur þú skannað kóðann, opnað slóðina og sett símann hér



Ómissandi ferðafélagi

SAMSUNG ACE
54.900 kr.

Símalán-afborgun:
4.870 kr.
á mánuði dreift á
12 mánuði*

INNEIGN
1.000 kr.
inneign á mán.
í 12 mán. fylgir.

▶ Notaðu 1.000 króna inneignina til að fara oftast á netið í símanum, hringdu oftast og sendu fleiri SMS. Upplifðu meira Ísland með Símanum! **



siminn.is



Við erum með réttu leiðina fyrir þig

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.

Síminn

*Ef greitt er með kreditkort er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 295 kr./mán.

**Gildir meðan birgðir endast.

STÓRBRUNI VIÐ SUNDARHÖFN



MÖKKURINN Þykkar og eitraðan reykjarmökk lagði til norðvesturs frá endurvinnslustöð Hringrásar í Klettagörðum í fyrrinótt. Mökkurinn lagði yfir nálæg fyrirtæki en mest af reyknum blés út á Faxaflóann. Hefði vindátt verið norðanstað hefði hann lagt yfir íbúðahverfin í Kleppsholti, þar með talin dvalarheimili aldraðra og hjúkrunarheimili. Þeir sem voru á vettvangi með óvarin öndunarfæri fundu fljótt fyrir óþægindum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Efins um staðsetningu Hringrásar

Formaður borgarráðs og slökkviliðsstjóri spyrja sig hvort flytja þurfi fyrirtækið Hringrás fjarri íbúðabyggð eftir annan stórbrunn þar á nokkrum árum. Framkvæmdastjórinn segir fyrirtækið hafa fullnægt öllum skilyrðum sem því voru sett og ætli hvergi að fara.

„Af því að þetta er ekki í fyrsta skiptið þá hlýtur sú spurning að vakna hvort þessi starfsemi geti yfirhöfuð verið þarna og hvort starfsleyfið sé of rúmt,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, um brunann í dekkjahaug á lóð Hringrásar í fyrrinótt.

„Ég er mjög hugsi yfir þessu og því að við eigum það að hluta til undir hagstæðri vindátt að ekki hafi skapast vandræði fyrir íbúa í nágrenninu,“ bætir hann við.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri er sammála Degi og segir að athuga þurfi alvarlega hvort starfsemi af þessu tagi eigi nokkurt erindi jafn nálægt íbúðabyggð. „Ég væri afskaplega feginn ef ég myndi ekki þurfa að koma hingað aftur,“

sagði hann á vettvangi í fyrrinótt. Dagur bendir þó á að slökkvistarfi hafi gengið mun betur núna en í brunanum fyrir sjö árum.



EINAR ÁSGEIRSSON

„Ég held að við verðum að leyfa öllum kurlum að koma til grafar áður en við drögum ályktanir því að það varð niðurstaðan síðast eftir allitarlega skoðun að gefa starfsleyfi á nýjum grunni.“

Einar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, er hins vegar ekki á sama máli og tvímenningararnir. Hann segir fyrirtækið ekki á förum úr Klettagörðum. Það hafi brugðist við öllum athugasemdum sem gerðar voru eftir brunann árið 2004 og í þetta sinn hafi það fullnægt öllum skilyrðum sem því hafa verið sett.

„Við erum búnir að leggja út í

Það er erfitt að tryggja sig fyrir mannglegum breyskleika.

EINAR ÁSGEIRSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI HRINGRÁSAR

alla þessa hluti af miklum metnaði og þess vegna eru þetta mikil vonbrigði,“ segir Einar.

Hann segir það sérstaklega hafa fengið á menn að heyra af grunsemduum um íkveikju. „Það er erfitt að tryggja sig fyrir mannglegum breyskleika,“ segir Einar. „Ef einhver ætlar sér að kveikja í húsinu sínu þá gerir hann það væntanlega sama hvaða ráðstafanir þú gerir. Það er erfitt að eiga við ásetning.“

Spurður um efasemdirnar sem vaknað hafa um staðsetninguna og að hún bjóði hættunni heim segir Einar að eftir breytingarnar sem gerðar hafi verið eigi svona ekki

Íbúasamtök Laugardals ósátt

„Við erum ekki fylgjandi því að svona starfsemi sé inni í borginni,“ segir Sigurður P. Þórðarson, formaður íbúasamtaka Laugardals.

Almenn óánægja sé með að stórbruni hafi orðið hjá sama fyrirtækinu með ekki lengra millibili, óháð því hvort það beri nokkra ábyrgð á brunanum núna. Vera fyrirtækisins á staðnum bjóði hættunni heim.

ad geta gerst nema með utanaðkomandi aðstoð.

„Ef við förum út í það, þá er mikið meiri hætta af öðrum hlutum, ef brennuvargar láta sig til dæmis bera niður á bílplaninu við Kringluna eða við olútankana í Örfirisey. Hvar á að draga mörkin í þessu?“ spyr Einar.

Hann segir fyrirtækið vera að innleiða öryggisstaðal og í neytslufélagsi eins og við lifum í sé mikið hagræði fólgði í því að hafa endurvinnslustöð innan seilingar. Enda hafi starfsmenn þess fundið fyrir miklum stuðningi í nágrenninu undanfarnin ár.

Dagur fundaði um málið í gærmorgun með slökkviliðsstjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðis- eftirlitinu, fulltrúum af umhverfissviði borgarinnar og fleirum.

Hann segir málið mjög alvarlegt. Fyrsta skoðun bendi til þess að Hringrás hafi verið innan allra heimilda en engu að síður hafi verið óskað eftir því að farið yrði yfir öll þessi mál, ákvæði starfsleyfisins, hvernig því hefði verið framfylgt og sömuleiðis þeim skilyrðum sem sett voru eftir síðasta bruna. Þær upplýsingar eiga að liggja fyrir í næstu viku.

stigur@frettabladid.is

HÓPKAUP.IS Í DAG

Bónstöð Íslands – bón og þvottur

GILDIR Í 24 TÍMA

Fólksbíll

2.700 kr.

Listaverð: ~~4.500 kr.~~

Afsláttur: 40%

Afsláttur: 1.800 kr.

Jepplingur

3.300 kr.

Listaverð: ~~5.500 kr.~~

Afsláttur: 40%

Afsláttur: 2.200 kr.

Jeppi

3.600 kr.

Listaverð: ~~6.000 kr.~~

Afsláttur: 40%

Afsláttur: 2.400 kr.

Þvottur og bón að utanverðu. Gildir ekki fyrir breytta jeppa. Sjá nánar á hópkaup.is.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

DÁLÍTL VÆTA og stífar vindur um sunnan- og vestanvert landið í dag. Dregur úr vindi og vætu á morgun og léttir til, fyrst V-til. Á föstudag verður ríkjandi vindátt orðin norðaustlæg en þá léttir til og hlýnar syðra en það kólnar smám saman norðan til.

Á MORGUN Hægur vindur, skúrir síðdegis inn til landsins.

FÖSTUDAGUR 5-10 m/s.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	23°
Berlín	26°
Billund	17°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	26°
London	18°
Mallorca	30°
New York	31°
Orlando	31°
Ósló	20°
París	21°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



„Hvað eyðir´ann á hundraðið? En tvöhundruð?“

Ergo er fjármögnunarfyrirtæki sem hjálpar þér
að taka upplýsta ákvörðun

Íslandsbanki Fjármögnun hefur tekið upp nafnið Ergo. Við bjóðum fjármögnunarleiðir fyrir bíla og ferðavagna og sértækar lausnir við fjármögnun atvinnutækja af öllum stærðum og gerðum.

Reiknaðu út hvað bíllinn þinn eyðir á ergo.is

Á vefnum okkar eru nýjar og öflugar reiknivélar sem hjálpa þér að taka upplýsta ákvörðun.

- › Reiknaðu út greiðslubyrði miðað við þínar forsendur
- › Skoðaðu hvað þú getur keypt þér dýran bíl
- › Berðu saman útblástur og eldsneytiskostnað mismunandi tegunda

Reiknaðu með okkur

www.ergo.is › 440 4400 › ergo@ergo.is
Ergo › fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka

ergo

STÓRBRUNI VIÐ SUNDAHÖFN

Lögregla leitar að brennuvörgum

Lögregla rannsakar nú hvort hópur manna hafi tekið sig saman um að kveikja í dekkjahaug Hringrásar með bensínsprengju eins og ráða má af upptöku úr öryggismyndavél. Hagstæð vindátt varð íbúum í nágrenni Sundahafnar til happs því að reykinn lagði á haf út.

Upptaka úr öryggismyndavél við fyrirtækið Hringrás við Klettagarða virðist sýna að hópur manna hafi í sameiningu kveikt í stórum dekkjahaug á lóð fyrirtækisins á þriðja tímanum aðfaranótt þriðjudegs. Engan sakaði í eldsvoðanum.

Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu og aukamannskapur var kallaður út til að berjast við eldinn og tókst loksins að ráða niðurlögum hans um klukkan átta í morgun.

Lögreglan fór yfir upptökur úr öryggismyndavélum í kjölfarið ásamt forsvarsmönnum Hringrásar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sést á þeim hvar bílar koma akandi upp að girðingunni umhverfis lóðina og nokkrir menn stíga út. Þeir aðhafast þar eitthvað í nokkra stund áður en einhverjur sést kastað yfir girðinguna og í dekkjahauginn. Talið er að þar hafi verið um bensínsprengju að ræða. Mennirnir aka svo á brott í snatri og skömmu síðar er tilkynnt um eldinn.

Það sem þykir renna stoðum undir að mennirnir hafi verið með eldfiman vökva meðferðis er að á grasbletti utan við girðinguna er sviðin jörð. Þar hefur einnig kviknað í, að því er talið er vegna þess að eldfimi vökvinn helltist niður.

Mennirnir voru ófundnir í gærkvöldi.

Stórbruni varð í dekkjahúgu á sömu lóð árið 2004. Slökkvistarfið nú gekk talsvert betur. „Því miður fór reynslan frá því síðast í bankann, það hefði nú verið ágætt að vera laus við hana. En hún nýtist okkur núna,“ sagði Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri þegar Fréttablaðið náði tali af honum á vettvangi í fyrrinótt.

„Svo er líka búið að gera ákveðnar lagfæringar á svæðinu, steypa veggj sem hólfa þetta aðeins og það hjálpar til,“ segir Jón Viðar. Skilyrði fyrir því hversu mikið magn dekkja mátti geyma á lóðinni hafi alltaf verið fyrir hendi og nú hafi þau verið virt, en það sama var ekki uppi á teningnum 2004.

Það varð íbúum í hverfinu til happs að vindáttin í fyrrinótt var hagstæð. Vindur úr suð-suðaustri gerði það að verkum að reykinn lagði á haf út, ólíkt því sem var árið 2004 þegar reykinn lagði að hluta yfir íbúðabyggð og rýma þurfti fjölda húsa.

„Það væri skelfilegt ef mökkurinn færi yfir íbúðahverfi, að ég tali nú ekki um yfir á dvalarheimilið [Hrafnistu],“ sagði Jón Viðar á vettvangi. Reykurinn hafi að



LAGT Á ELDAHAFIÐ Stórvirkar vinnuvélar voru notaðar til að dreifa dekkjunum í haugnum svo auðveldara væri að slökkva eldinn. Fjöldi fólks kom að slökkvistarfinu, þótt það hafi ekki verið eins torsótt og í brunanum árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



MÆDDUR SLÖKKVILIÐSSTJÓRI Jón Viðar Matthíasson vill helst ekki þurfa að mæta nokkru sinni aftur í Hringrás.

geyma eiturgufur sem fari mjög illa í fólk. „Það er hrikalega mikill skítur sem kemur úr þessum reyk. 2004 voru menn lengi að ná sér, voru að hósta þessu úr sér og voru veikir, bæði hjá okkur og lög-

Gríðarlegur bruni árið 2004 leiddi til lagabreytinga

Bruninn mikli í Hringrás í nóvember 2004 var gríðarlegur. Tvo daga tók að slökkva eldinn, sem kviknaði í dekkjahaug sem var miklum mun stærri en sá sem nú varð eldi að bráð.

Á þriðja hundrað manns komu að slökkvi- og björgunarstarfinu og á sjötta hundrað íbúum í nágrenninu var gert að yfirgefa heimili sín tímabundið, enda lagði eitraðan reykinn yfir hverfið og barst inn um allar glufur.

Athuganir leiddu fljótlega í ljós að kviknað hefði í út frá hleðslutæki fyrir lyftara, sem geymt var í ósam-

þykktu húsnæði á lóðinni. Þá kom líka í ljós að eftirlitsaðilar höfðu varað forsvarsmenn Hringrásar sterklega við hættunni af of stórum dekkjahaugnum á lóðinni án þess að brugðist hefði verið við. Þrátt fyrir það endurnýjaði Heilbrigðiseftirlitið starfsleyfi fyrirtækisins eftir brunann að þröngum skilyrðum uppfylltum.

Umhverfisráðherra kallaði í kjölfarið eftir sérstakri úttekt Brunamálastofnunar á málinu og tillögum til úrbóta til að tryggja að eitthvað þvilíkt endurtæki sig ekki. Þetta leiddi til þess að lögum um brunavarnir var breytt og heimildir eftirlitsaðila auknar.

reglunni, og voru frá í töluverðan tíma.“

Hann sagði jafnframt að á tímabili hefði verið hætt á að eldurinn bærist í nærliggjandi skemmur.

Þótt eldurinn hafi verið slökktur

í gærmorgun var slökkvilið þar að störfum í allan gærdeg og var með vakt fram eftir gærkvöldinu enda þarf ekki miklar glæður til að eldur komi upp að nýju í erfiðum eldmat eins og dekkjum og dekkjakurli.

Við þetta má bæta að eldsvoðinn raskaði starfsemi nokkurra fyrirtækja við Sundahöfn í gær, meðal annars Eimskips, vegna mengunar.

stigur@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

kynning Austurbæjarapóteki
Ögurhvarfi
fimmtudaginn 14. júlí milli kl. 14 og 17

20% afsláttur af vítamínunum.
Mest seldu vítamínin í Bretlandi



VITABIOTICS



LANGPRÁÐ HVÍLD Það getur tekið sinn toll að sinna slökkvistörfum klukkustundum saman. Þessir slökkviliðsmenn voru því hvíldinni fegnir þegar þeir tylltu sér í nálæga brekku og fengu sér nesti. Það á svo eftir að koma í ljós hvort eiturgufurnar frá eldnum valda þeim beinlínis veikindum, eins og raunin varð eftir eldsvoðann 2004.

Allt pallaefni

20%
afsláttur

ÚTSALA Á PALLAEFNI HEFST Í DAG!

SUMMAR

ÚTSALA

Garðhúsgögn

30%
afsláttur

Garðplöntur

30%
afsláttur

Sláttuvélar

25%
afsláttur

Skjólveggir

25%
afsláttur

Viðarvörn og
útimálning

20-45%
afsláttur

Garðverkfæri

20%
afsláttur




blómaval


HÚSASMÍÐJAN

HLAUP Í MÚLAKVÍSL

Áfram unnið á sólarhringsvöktum við brúarsmið:

Umferð gæti komist á eftir rúma viku

Vegagerðin vonast til þess að hægt verði að hleypa umferð á bráðabirgðabrú yfir Múlakvísl um miðja næstu viku. Þó er ekki hægt að slá því föstu því sjá verður hvernig vinnu miðar áfram og hvernig vatnsmagníð í ánni verður.

„Það gengur bara mjög vel. Við erum hálfnaðir að reka niður staurana, og það er komið upp eitt fimmtán metra sett af stálbitum og fleiri verða hífð upp í nótt,“

sagði Sveinn Þórðarson, brúarsmiður hjá Vegagerðinni, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi. „Við erum að byrja að setja brúargólfið á stálbitana. Það er búið að smíða helminginn af því.“

Samhliða brúarsmiðinni er unnið að því að gera vegi að nýju brúnni sem og varnargarð sem mun verja bæði veginn og brúna austan frá.

- þeb



BRÚARSMÍÐ Búið var að smíða helming brúargólfsins í gærkvöldi og höfðu starfsmenn hafist handa við að setja það á stálbita.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HORFTYFIR MÚLAKVÍSL Rétt áður en rútan festist í ánni fóru vörubílar með fólksbíla bæði til austurs og vesturs yfir hana. Fólksflutningar höfðu gengið mjög vel fram að því að rútan festist, en áin breytist mjög fljótt þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Flutningum haldið áfram eftir óhapp

Flutningar á fólki og bílum yfir Múlakvísl halda áfram í dag. Sautján ferðamenn og tveir bílstjórar sluppu ómeiddir eftir að rúta festist og sökk í gær. Annar bíll hefur nú verið fenginn í flutningana. Tjón metið á 500 milljónir.

Kostnaður 500 milljónir

Tjónið vegna hlaupsins í Múlakvísl er metið á um 500 milljónir króna. Í þeirri tölu felst kostnaður við bráðabirgðabrú og endurbýggingu varanlegrar brúar, viðgerð á vegi og varnargarðum og kostnaður við aukinn viðbúnað lögreglu og björgunarsveita. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að gefa þeim sem sinna viðgerðum og björgunarsörfum heimild til að gera allt sem hægt er til að opna hringveginn sem fyrst og grípa til tímabundinna ráðstafana við flutninga og lagfæringa á Fjallabaksleið þar til vegurinn opnar á ný.

valdið slysinu, að sögn yfirlög- reglumannsins á Hvolsvelli. Vaðið breytist á mjög skömmum tíma, dýpt árinna er breytileg og mikill aur í henni. Bílstjórinn Björn Sigurðsson tók undir það og segir ána ekki síst breytast vegna vinnunnar við bráðabirgðabrúna nokkrum metrum fyrir ofan vaðið.

Flutningunum verður haldið áfram í dag en annar truckur hefur verið fenginn til að flytja fólk yfir Múlakvísl. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni mun jarðýta fara yfir vaðið reglulega til að tryggja öryggi ferðalanga auk þess sem fylgst

verður stöðugt með vatnshæðinni. Almannaþingurinn og lögreglan á Hvolsvelli tóku þessa ákvörðun í samstarfi við Vegagerðina á fundi í gær. Stefnt er að því að hafa vaðið opið og flytja fólk frá klukkan sjö á morgnana til klukkan ellefu á kvöldin eftir því sem aðstæður leyfa.

Ríkisstjórnin fjallaði um afleiðingar hlaupsins á fundi í gærmorgun og ræddi þar við Jón Bjartmarz yfirlögregluþjón, Hrein Haraldsson vegamálastjóra og Árna Gunnarsson formann Samtaka ferðabjónustunnar.

thorunn@frettabladid.is

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítill, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökvu að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir notkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.



TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettþokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum Lyfju og Lyf og heilsu apótekum.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími 555 3100 donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

Fólks- og bílaflutningar yfir Múlakvísl stöðvuðust um tvöleytið í gær þegar rúta með sautján ferðamönnum, bílstjóra og aðstoðarmanni hans festist og sökk í miðri ánni. Allir sluppu ómeiddir en farþegar og bílstjórar þurftu að bíða eftir björgun á þaki rútnunnar eftir að hafa brotið rúðu til þess að komast þangað.

Björgunarsveitin Víkverji ásamt vakt björgunarsveitar á staðnum kom ferðamönnum á land austanmegin árinna, samkvæmt upplýsingum frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út til að aðstoða lögreglu og björgunarsveitir, en hlutverk hennar var að flytja þá farþega sem vildu komast vestur fyrir Múlakvísl þangað. Opnaðar voru fjöldahjálparstöðvar bæði í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og var farþegum í rútnunni boðin áfallahjálpar eftir að atvikið varð. Rútnunni hefur verið komið úr ánni og er sem stendur á verkstæði.

Margir þættir eru taldir hafa

Dregið hefur úr afbókunum ferðalanga á gistiþlásum beggja vegna Múlakvísar:

Minni skellur en búist var við

„Flumbrugangurinn fyrstu dagana eftir flóðið hefur kostað okkur gríðarlega mikið,“ segir Jón Grétar Ingvason. Hann rekur gistiheimilið Klausturhof og Kaffi Munka á Kirkjubæjarklaustri. Þar hafa á bilinu sextíu til hundrað manns afpantað gistiþlásum eftir að hlaup í Múlakvísl tók þjóðveginn í sundur á laugardag.

Flestir þeir sem drógu bókannir til baka voru í hópum sem ferðast hafa um landið í rútum sem hvorki komust með selflutningunum yfir Múlakvísl né réðu við slæma vegi á Fjallabaksleið.

Hljóðið er betra á stærri hótélum og gistiheimilum beggja vegna Múlakvísar. Starfsfólk þar segir aðstæður breytast fljótt og það verði að vinna eftir tiktúrum náttúrunnar.

Á Hótel Klaustri á Kirkjubæjarklaustri voru öll herbergi bókuð í gær. Þar hafa viðgengist gestaskipti, það er að ferðalangar sem ætluðu að gista í Vík í Mýrdal, en komust ekki yfir Múlakvísl eftir að hætt var að selflytja fólk yfir hana í gær, höfðu næturdvöl á Kirkjubæjarklaustri. Þeir



HORFTYFIR VÍK Hótelhaldarar beggja vegna Múlakvísar taka við strandglöpum og haga afgreiðslutímanum eftir tiktúrum náttúrunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sem ætluðu austur yfir en komust hvergi gistu í Vík.

„Hóparnir skila sér betur en aðrir. Þeir skila sér síðar í hús enda tekur ferðin yfir Fjallabak sex klukkutíma í stað eins yfir Múlakvíslina,“ segir Steinþór Vigfússon, hóteltjóri á Hótel Dyrhólaey.

Afgreiðslutíma á hótelinu hefur verið breytt í takt við aðstæður, morgunverður er klukkan sex á morgnana í stað sjö og kvöldverður reiddur fram allt fram undir miðnætti. „Í gær [fyrrakvöld] kom hingað hópur Spánverja. Þeir voru sáttir enda vanir því að borða seint á kvöldin,“ segir Steinþór.

- jab



Ávaxta smoothie

Hver ferna inniheldur allt að þrjú heila ávexti. Allar vörur frá Nestlé barnamat eru án viðbættis sykurs, rotvarnarefna eða annarra aukaefta.

100% náttúrulegt
100% ávextir
C vítamín

Holl og góð millimálitið hvar og hvenær sem er!





ÞAÐ ER
**SPORT AÐ
SPARA**



RÖHNISCH SUMMER RACERBACK
Hlýrabolur úr bómull. Litir: Hvítur, svartur, rauður, turkisblár. Dömustærðir.

3.690

KLÚBBTILBOÐ
GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!



4.990
(fullt verð 11.490)

RÖHNISCH DRAW FLEECE JACKET Rennd flíspeysa. Dömustærðir. Tilboðið gildir aðeins í Intersport Lindum og Bíldshöfða.



3.990

RÖHNISCH SUMMER TEE
Stuttermabolur úr bómull. Svartur, rauður, turkisblár. Dömustærðir.



7.990

RÖHNISCH SARA SHORT PANT
Kvartbuxur úr léttu og teygjanlegu bómullarefni. Litur: Gráar, svartar. Dömustærðir.



14.990
(fullt verð 18.990)

NIKE WMNS AIR VISI FLY
Leðurskór með loftpúðum undir hæl og tábergi. Dömustærðir.



8.990

RÖHNISCH SARA LOOSE PANT
Buxur úr léttu og teygjanlegu bómullarefni. Dömustærðir.



7.490

RÖHNISCH SUMMER SWEAT JACKET
Rennd peysa úr teygjanlegri bómull. Litir: Svört, rauð, hvít. Dömustærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

Valdamikill hálfbróðir Karzais myrtur af fyrrverandi lífverði elsta bróður þeirra:

Gríðarlegt áfall fyrir forseta Afganistans

AFGANISTAN, AP Ahmed Wali Karzai, hálfbróðir Hamids Karzai Afganistansforseta, var myrtur á heimili sínu í Kandahar, höfuðstað samnefnds héraðs í Afganistan.

Ahmed Wali Karzai var valdamikill í héraðinu og hefur lengi verið sakaður um djúpstæða spillingu, sem náði til forsetans sjálfs og dregur meðal annars úr trausti Vesturlanda til hans.

Talibanahreyfingin segist bera ábyrgð á morðinu, en hún varð til í Kandahar-héraði og þar voru jafnan höfuðstöðvar hennar meðan talibanar réðu í Afganistan.

Yfirvöld í Afganistan segja banamann Karzais vera Sardar Mohammed, sem naut fyllsta

trausts hans og var fyrrverandi lífvörður elsta Karzai-bróðurins.

Mohammed er sagður hafa farið heim til Karzais til að biðja hann að undirrita pappír. Meðan hann var að undirrita skjölin tók Mohammed upp byssu og skaut hann.

Fréttirnar af láti Ahmeds Walis bárust þegar Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti var í heim-sókn hjá Karzai forseta.

„Svona er lífið í Afganistan,“ sagði Karzai þegar hann skýrði frá þessu á blaðamannafundi með Sarkozy. „Í húsum Afganistans búum við öll við þjáníngar og von okkar er sú, ef Guð lofar, að afganska þjóðin losni við þessar þjáníngar og á komist friður og stöðugleiki.“ - gb



AHMED WAL KARZAI Hálfbróðir forsetans á fundi með stuðningsmönnum sínum í Kandahar fyrir tveimur árum. NORDICPHOTOS/AFP

Fékk ekki bætur vegna slyss:

Verkalýðsfélag styður áfrýjun

DÓMSMÁL Verkalýðsfélag Akraness hefur ákveðið að styrkja Þórarinn Björn Steinsson til að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

Dómurinn sýknaði Sjóvá og Norðurál af bótaskyldu vegna vinnuslyss sem Þórarinn varð fyrir sem starfsmaður Norðuráls.

Slysið vildi þannig til að stálbiti féll ofan á vinnufélaga Þórarins, sem lyfti honum, við annan mann, af viðkomandi. Við það átak varð hann fyrir meiðslum og er eftir það 75 prósent öryrki. Dómurinn dæmdi að Þórarinn hefði ekki farið eftir öryggisreglum við björgunina og sýknaði tryggingarfélagið og fyrirtækið. Verkalýðsfélagið hefur nú samþykkt að greiða kostnað við áfrýjun. - kóp

Evrópusambandið glímir við skuldavanda Ítalíu og Spánar ofan á vanda Grikklands, Írlands og Portúgals:

Eftirgjöf skulda Grikklands ekki útilokuð

ÍTALÍA Hálfgerð ódagot varð á mörkuðum í gær vegna verðfalls ítalskra verðbréfa, sem rakið er til erfiðrar skuldastöðu ítalska ríkisins.

Ástandið skánaði þegar leið á daginn, en hafði þá ýtt undir ötta við að bæði Ítalía og Spánn myndu þurfa á fjárhagsaðstoð að halda eins og Grikkland, Írland og Portúgal.

Fjármálaráðherra evruríkjanna sautján hittust í Brussel bæði í gær og í fyrradag til að ræða vandann, en ræddu að vísu meira um Grikkland en Ítalíu.

„Við höfum ekki talað jafn mikið um Ítalíu og búist var við vegna þess að okkar mat er að kjarni vandans og kreppunnar sé Grikkland og að lausn kreppunnar sé spurning um að bæta skuldastöðuna í Grikklandi,“ hefur fréttastofan Bloomberg eftir Wolfgang

Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands. Fjármálaráðherrar eru að setja saman breytingar á þeirri fjárhagsaðstoð sem Grikkir hafa fengið, og velta meðal annars fyrir sér að bjóða Grikkjum lægri vexti og lengri lánstíma.

Evrópusambandið útilokar auk þess ekki lengur að Grikkland fái einhverja eftirgjöf af skuldum sínum, en það þýðir að bankar og aðrir fjárfestar verði að taka á sig hluta af tjóninu.

„Ráðherrarnir 17 útiloka það ekki lengur, til þess að við höfum fleiri möguleika, víðara svið að vinna með,“ sagði Jan Kees de Jager, fjármálaráðherra Hollands.

Hann sagði ekki við öðru að búast en að fjárfestar muni þá tapa peningum. „Annað væri þversögn. Við erum búin að höggva á hnútin.“ - gb



SKAMM Jean-Claude Juncker, fjármálaráðherra Lúxemborgar, slær blaðabunka í hausinn á Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra Grikklands. Allt í gamni, væntanlega. NORDICPHOTOS/AFP

ÍSABAND.IS
ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. BÍLAINNFLUTNINGUR

Sumarsprengja á nýjum Coleman fellihýsum!

Nú er tækifæri til að stökkva á nýtt Coleman fellihýsi á einstöku tilboði



Sedona

Verð áður: **2.190.000 kr.**
Sumarsprengja: **1.590.000 kr.**



Cheyenne

Verð áður: **2.690.000 kr.**
Sumarsprengja: **1.990.000 kr.**



E1 Off Road

Verð áður: **2.960.000 kr.**
Sumarsprengja: **2.290.000 kr.**

Coleman fellihýsin eru öll mjög vel útbúin með Truma miðstöð, ísskáp, 220V rafmagni, gashelluborði og 2ja ára ábyrgð.

70% fjármögnun í allt að 7 ár.

Veldu fyrsta flokks fellihýsi - Coleman er þekkt fyrir frábær gæði!

Opið fimmtudaginn 14. júlí til kl. 20

Sérstaða Coleman fellihýsanna er:

Coleman hefur einstakan öndunardúk í öllu húsinu sem bindur ekki inni hita og raka

Coleman hefur upplýftibúnað sem er úr ryðfríu stáli sem ekki þarf að hylja, vernda eða setja stoðstöng við

Gæði **Coleman** fellihýsanna endurspeglast í langri endingu sem hefur gert Coleman fellihýsin einstök í endursölu

Árás í Búðardal:

Enn leitað að árásarmanni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan leitar enn manns sem réðst á starfsmann Samkaupa í Búðardal að kvöldi 5. júlí síðastliðins. Greint er frá þessu á vef Skessuhorns.

Maðurinn réðst á starfsstólku skömmu eftir lokun verslunarinnar og veitti henni áverka með gosdós, en högginn ollu því að stúlkan fór úr kjálkalið. Þá reif hann fót hennar áður en hann lagði á flötta. Þeir sem einhverjar upplýsingar gætu gefið um málið eru beðnir að hafa samband við lögregluna í Borgarfirði og Dölum. - kh



SALERNI BURÐARDÝRA Þannig lítur hin nýlega aðstaða út.

Breytingar á Suðurnesjum:

Burðardýrin send í sneiðmyndatöku

LÖGREGLUMÁL Tvær breytingar urðu í starfsemi fíkniefnahóps rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum á síðasta ári.

Nú eru meint burðardýr fíkniefna einungis sett í sneiðmyndatöku á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í stað röntgenmynda áður. Þetta þýðir mun betri myndgæði og að niðurstöður berast oftast í beinu framhaldi af myndatöku. Þá hefur það þrívægis komið fyrir að greinst hafa innanmeið hjá þeim sem leitað hefur verið á.

Hin breytingin felst í nýrri salernisaðstöðu sem útbúið var á lögreglustöðinni í Keflavík. - jss

Kona í vandræðum:

Bankinn segir hana vera látna

BANDARÍKIN, AP Wrenella Pierre, sprellifandi kona í Flórída, segist hafa lent í margvíslegum fjárhagsvandræðum vegna þess að viðskiptabanki hennar tilkynnti öðrum fjármálafyrirtækjum að hún væri látin.

Þetta gerðist í nóvember. Bankinn, sem er Chase Bank USA, sendi einnig samúðarbréf til fjölskyldu hennar og sagði að einhver frá bankanum myndi hafa samband vegna veðláns, sem hún og eiginmaður hennar tóku þegar þau byggðu sér hús árið 2007.

Konan hefur nú kært bankann, en starfsmenn hans eru að reyna að finna út úr því hvernig þeim gátu orðið á þessi mistök. - gb

SJÁVARÚTVEGUR

Svæði A lokað fyrir veiðar

Svæði A er lokað fyrir strandveiðum frá og með deginum í dag fram í byrjun ágúst. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Svæðið nær yfir Snæfellsnes og stærstan hluta Vestfjarða.

HEILBRIGÐISMÁL

Of mikið af jöði

Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um stöðvun sölu og innköllun á fæðubótarefninu Sunny Green Kelp Nutrient Dense Algae þar sem í ráðlögðum daglegum neysluskammti er of mikið af steinefninu jöði.

Bæta þarf öryggi á ferðamannastöðum og gera hættumat samkvæmt nýrri skýrslu fyrir ráðherra:

Hverasvæðin fá sérstakan forgang

FERÐAMÁL Gera þarf áttak í öryggismálum ferðamannastaða hér á landi og setja hverasvæði í sérstakan forgang. Þetta er niðurstaða starfshóps sem nýverið skilaði skýrslu til Katrínar Júlíusdóttur iðnaðar- ráðherra um málefnið.

Meðal tillagna sem settar eru fram í skýrslunni má nefna að útbúa þurfi leiðbeiningar um öryggismál ferðamannastaða og gerð öryggisáætlana. Sums staðar þurfi að bæta mannvirki og merkingar. Einnig er lagt til að öryggismál vinsælustu ferðamannastaða landsins verði rannsökuð nánar af sérfræðingum og í kjölfarið lagðar fram tillögur til úrbóta.

Starfshópurinn birtir lista yfir um 30 svæði, sem þurfi að vera í forgangi þegar ráðist verður í aðgerðir. Gert verði hættumat á fjölförnustu svæðunum og viðhlítandi ráðstafanir gerðar í kjölfarið.

Lagt er til að hverasvæði fá sérstakan forgang. Þar á meðal eru Geysissvæðið, Deildartunguhver, hverir við Námafjall, Hveragerði, Krýsuvíkursvæðið og Hveravellir. Meðal annarra fjölfarinna ferðamannastaða sem taldir eru upp eru Látrabjarg, Dettifoss, Dyrhólaey, Víkurfjara, Reynisfjara, Gullfoss, Esjan, Glymur, gönguleiðin um Laugaveg, Fimmvörðuháls, Seljalandsfoss og Helgustaðanáma. - mþl



FALLEGT EN HÆTTULEGT Hveravellir eru á meðal háhitasvæða þar sem gera þarf frekari öryggisráðstafanir að mati höfundar skýrslunnar.

Sæktu um skuldalækkun strax í dag

Skuldalækkun Landsbankans er í boði til 15. júlí. Sæktu strax um að lækka skuldir þínar áður en frestur rennur út.

15. júlí

Lækkun annarra skulda
Þú sækir um í netbankanum

Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Purfa fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi að vera vandamál í aðildarviðræðum við ESB?

Ástæðulaus ótti

Af orðum Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra eftir fund hennar með Angelu Merkel, kanzlara Þýskalands, má ráða að Merkel hafi tekið vel í að Ísland fengi sérlausnir á sviði landbúnaðar- og sjávarútvegs mála í aðildarsamningi við Evrópusambandið. Hún hafi þó ekki verið hrifin af hugmyndum Íslendinga um að viðhalda takmörkunum á fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi, sem koma fram í álitni meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis um aðildarviðræðurnar. „Ég geri mér grein fyrir því eftir þetta samtal að fjárfestingar í sjávarútvegi verða erfiðasti þátturinn,“ sagði Jóhanna við Fréttablaðið í gær.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Parf þetta að verða erfið mál? Margir, þar á meðal ýmsir forystumenn í sjávarútvegi, hafa fært rök fyrir því á undanförunum árum, alveg óháð umræðunni um ESB, að bannið við beinni erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi sé tímaskekkja og til ópurftar.

Bannið torveldar þannig sjávarútvegsfyrirtækjum að sækja sér áhættufé á hlutabréfamarkaði til frekari vaxtar. Á sínum tíma fékk Ísland undanþágu á sviði sjávarútvegs frá ákvæðum EES-samningsins um fjárfestingafrelsi. Þá ríkti talsverður ótti um að útlendir fjárfestar gleypu hér heilu atvinnugreinarnar. Hann reyndist ástæðulaus; þvert á móti voru það íslensk fyrirtækin sem nýttu sér fjárfestingafrelsið til að vaxa erlendis.

Þar létu sjávarútvegsfyrirtækin ekki sitt eftir liggja. Fyrirtæki á borð við Samherja hafa verið umsvifamikil í sjávarútvegi innan Evrópusambandsins. Fyrirtæki í eigu Íslendinga ráða til dæmis drjúgum hluta úthafsveiðikvóta Þýskalands og Bretlands.

Ísland getur að sjálfsögðu ekki haldið því fram til langframa að það sé allt í lagi að Íslendingar fjárfesti í sjávarútvegi í ESB, en fyrirtæki frá öðrum Evrópuríkjum megi ekki fjárfesta hér. Óttinn er ástæðulaus. Íslenskur sjávarútvegur er öflugri en sjávarútvegur flestra ríkja ESB og líklegt að áfram verði það fremur Íslendingar sem fjárfesta ytra en öflugt.

Ekki hafa heldur heyrzt neinar fregnir af því að heimamenn á stöðum þar sem Íslendingar hafa fjárfest hafi verið ósáttir við samstarfið – frekar að það sé sameiginlegur skilningur að að það stuðli að verðmætasköpun í byggðunum sem um ræðir. Yrði það eitthvað öðruvísi ef útlendingar fjárfestu hér?

Þau rök hafa verið notuð til að réttlæta fjárfestingabannið að nauðsynlegt sé að tengja auðlindina við þjóðina, þannig að hún njóti afkasturs hennar. Vænlegri leið til slíks er sú sem felst í skynsamlegri hluta áforma ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnuninni; að skilgreina veiðiréttinn skýrt sem afnotarétt, sem hæfilegt gjald komi fyrir, en ekki eignarétt. Erlendir ríkisborgarar eignast þá ekki auðlindina þótt þeir kaupri í sjávarútvegsfyrirtækjum, heldur borga þeir fyrir afnot af henni rétt eins og aðrir.

Hafi menn hins vegar áhyggjur af því að verðmæti fari úr landi er hægt að fara þá leið sem meirihluti utanríkismálanefndar bendir á; að setja ákvæði í lög um efnahagsleg tengsl útgerðar og vinnslu við heimahöfn skips. Þá leið hafa til dæmis Bretar farið til að sporna við svokölluðu kvótahoppi.

Það er að minnsta kosti ástæða til að velja rækilega fyrir sér hvort gera eigi fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi að vandamáli í aðildarviðræðunum við ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SUMAR LEIKUR ATLANTSOLÍU

Á HVERJUM DEGI TIL 1. ÁGÚST Í SUMAR FÆR EINN DÆLULYKILSHAFI ÁFYLINGUNA ENDURGREIDDA.

LENGI LIFI SAMKEPPNI

AO ATLANTSOLÍA

FRÁ DEGI TIL DAGS

Höggvið í sama knérunn


Seint verður sagt um Práin Bertelson, þingmann Vinstri grænna, að hann tali ekki tæpitungulaust og sést það vel á Facebook-færslu hans um þá hugmynd samflokksmanns hans, Ögmundur Jónassonar innanríkisráðherra, að setja framtíð flugvallar í Vatnsmyri í þjóðaratkvæði. Gefum Práni orðið: „Ótrúlegt lýðskrum. Við sama tækifæri væri upplagt að þjóðin kysi um hvort ekki sé best að flytja innanríkisráðuneytið til Trékyllisvíkur, Húsdýragarðinn til Vestmannaeyja, Alþingishúsið til Akureyrar og Ögmundur til Bessastaða.“

Ég vil fá hana strax!

Ferðabjónustuaðilar fóru mikinn eftir að brúnni yfir Múlakvísl skolaði í burtu í hlaupi. Þeir töluðu fjálglega um að ekki væri eftir neinu að biða, drífa þyrfti í að hrófla upp brú en, to, tre. Menn hafa kannski gleymt því að Múlakvísl er jökulá svo réttara er að vanda til verksins, líkt og sást þegar ferðamenn lentu þar í kröppum dansi í gær. Stundum er betra að flytja sér hægt en að heimita hratt.

Kæra til mannréttindadómstóls?

Bjarni Karlsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, fer mikinn í grein í Fréttablaðinu í gær. Hann hakkar þar tillögur félaga sinna í mannréttindaráði, sem mæla gegn trúboði í skólum, í sig. Bjarni gengur þar ansi langt og segir upplýsta jafnaðarmenn aldrei munu sætta sig við að stjórnmalaflokkur mismuni íbúum, líkt og hann vill meina að mannréttindaráð sé að leggja til. Ef tillögurnar verða að veruleika má væntanlega reikna með að klerkurinn gripri til sinna ráða og kæri það til mannréttindadómstóla að trúfélög skuli sitja við sama borð í skólum landsins.



HALLDÓR



Trúverðugleiki á kostnað endurreisnar?

Efnahagsmál



Finnur Oddsson
framkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs
Íslands

Nýlega gaf peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands það út að hugsanlega yrðu vextir hækkaðir á næstunni. Umrædd yfirlýsing kemur að mörgu leyti spáskt fyrir sjónir miðað við núverandi árferði í efnahagslífinu. Framleiðsluslaski hefur nær aldrei mælst meiri, atvinnuleysi er langt umfram það sem eðlilegt getur talist, fjárfesting er sú lægsta í Íslandssögunni og verðbólgan er að stærstum hluta innflutt og utan seilingar Seðlabankans. Raunar bendir Seðlabankinn á þetta sjálfur í nýlegri greinargerð þar segir m.a. að: „Seðlabankinn [hefur] talið meginorsakir vaxandi verðbólgu vera þætti sem eru ýmist tímabundnir eða utan áhrifsviðs peningastefnunnar.“ Þrátt fyrir það hefur peningastefnunin breytt tóni yfirlýsinga sinna frá því að telja líklegra að vaxtalækkun muni fylgja í að hækkanir gætu verið í kortunum. Þetta er mikið áhyggjuefni, eins og fram hefur komið bæði hjá fulltrúum atvinnulífs og meðlimum peningastefnunefndar.

En verðbólga er farin að láta á sér kræla og ekki ósennilegt að hún muni aukast þegar líður á árið. Vandí Seðlabankans felst

í því að takmörkuð tiltrú á bankanum gerir honum (a.m.k. út frá hefðbundnum sjónarmiðum) erfiðara um vik að beita sér gegn verðbólgu með aðferðum sem henta í núverandi ástandi efnahagslegrar stöðunar. Engu að síður er augljóst að veruleg þversögn felst í því að líta svo á að vaxtahækkun við núverandi aðstæður yrði til að auka trúverðugleika Seðlabankans. Með öðrum orðum, þá getur það ekki verið trúverðugleika seðlabanka nokkurs lands til framdráttar ef aðgerðir hans veikja og seinka efnahagsbata úr kreppuástandi.

Íslensk fyrirtæki glíma nú við margvíslegar og þungar byrðar sem rekja má t.a.m. til nýlegra kjarasamninga, yfirdrífna skattahækkana, hruns í eftirspurn og tafa á endurskipulagningu skulda. Allt hefur þetta hamlað bata hagkerfisins og stjórnendur eru almennt svartsýnir á rekstrarhorfur næstu mánaða. Vaxtahækkun við þessar aðstæður, sem litlar eða engar líkur eru á að muni slá á verðbólgu, mun aðeins auka byrðar atvinnulífsins og heimila og trúverðugleiki Seðlabanka Íslands myndi rýrna að sama skapi.

Innanlandsflugvöllur í Reykjavík

Samgöngur
Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Nokkrar umræður hafa spunnist í fjölmiðlum um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Tilefnið er að í burðarliðnum er samkomulag innanríkisráðuneytis og Reykjavíkurborgar sem felur í sér að ráðist yrði í löngu tímaþærar endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og starfsfólk innanlandsflugsins á Reykjavíkurflugvelli. Um þetta eru ríki og borg sammála. Komast þurfi út úr því öngstræti aðgerðarleysis sem þessi mál hafa verið í.

Kyrrstaða ekki boðleg

Á þenslutímanum var hafist handa með metnaðarfull áform um hönnun og byggingu samgöngumiðstöðvar á norðausturlhuta flugvallarsvæðisins.

Forsvarsfólk Reykjavíkurborgar var hins vegar aldrei sátt við þessi áform og heyrðust þau sjónarmið að þar með yrði framtíð flugvallarins niðurnjörvuð um ókominn tíma. Á undanförunum árum hafa hvorki ríki né borg viljað hnika til í afstöðu til samgöngumiðstöðvarinnar og við það hefur setið. Á meðan hefur aðstaðan drabbast niður og er engan veginn sæmandi.

Þau áform sem nú eru uppi byggjast á því að báðir aðilar taka tillit til sjónarmiða hins. Þannig segjast talsmenn borgarinnar enn stefna á flutning flugvallarins í framtíðinni en ég sem ráðherra samgöngumála hef marglýst því yfir að ég vilji hafa flugvöllinn þar sem hann nú er og að ég muni beita mér fyrir því að svo verði.

Ríkið á flugvallarlandið að mestu
Enda þótt Reykjavíkurborg hafi skipulagsvald innan borgarmarkanna verður ekki fram hjá því

horft að landið undir flugvellinum er að mestu leyti í eign ríkisins. Allt eru þetta staðreyndir máls og þótt fleirum en mér undarlegar yfirlýsingar Páls Hjaltasonar, formanns skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, að hugmyndir um að flugvöllurinn yrði áfram í borginni væru byggðar á misskilningi. Svo er ekki.

Um framtíðina í þessu efni er hins vegar ekki samkomulag. Þess vegna er niðurstaðan nú vonandi sú að reist verði ný flugstöð Skerjafjarðarmegin flugvallar sem yrði hönnuð með þeim hætti að hún gæti átt eftir að víkja. Þetta er leiðin út úr öngstræti kyrrstöðunnar.

koma á strandflutningum og efla flugsamgöngur.

Annar veruleiki í dag en í gær

Staðsetning Reykjavíkurflugvallar er umdeild og ekki síður í mínum flokki. Oddvitar VG í borgarstjórn hafa teflt fram umhverfisrökum fyrir flutningi flugvallarins og nefndu á sínum tíma Hólmsheiði sem valkost til að skoða sem raunhæft flugvallarsvæði. Önnur rök hafa verið sett fram sem snúa að skipulagi og vexti borgarinnar. Þarna hafa staðið framlega samtökin Betri byggð og einnig stjórnmalamenn úr öllum flokkum. Allt eru þetta virðingarverð viðhorf. Öðru máli

Á undanförunum árum hafa hvorki ríki né borg viljað hnika til í afstöðu til samgöngumiðstöðvarinnar og við það hefur setið.

Þótt sjálfur hafi ég á sínum tíma verið hlynntur samgöngumiðstöð í norðausturgeira flugvallarins horfist ég í augu við þá staðreynd að fyrir henni er ekki vilji hjá borginni. Annað hefur breyst frá því þessi áform voru uppi: Þingaleysi. Það eitt að byggja flughlöð í norðausturgeira flugvallar myndi samkvæmt áætlunum kosta tæpan milljarð. Flughlöð er hins vegar fyrir hendi vestan megin á vellið að mestu leyti og sparar það stórfé að nýta það.

Jafnvægi í flutningum

Fram kemur í Fréttablaðinu 8. júlí að Páli Hjaltasyni þykir ágæt hugmynd að flytja flugvöllinn til Keflavíkur eða með öðrum orðum leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Ekki þætti mér ótrúlegt að einmitt þetta gerðist ef vellið yrði lokað í Reykjavík. Þætti mér það afleitt. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að dreifa flutningum um landið betur en nú er gert á milli sjávar, lofts og láðs. Til að þetta takist þarf að

gegnir um þrýsting ágengra fjárfesta sem var mjög áberandi á þenslutímanum, en þeir vildu ólmir komast í þetta verðmæta svæði og fara þar líkt og þeir gerðu af miklum ákafa en lítilli fyrirhyggju annars staðar þar sem mannláusar blokkir segja nú allt sem segja þarf. Annað er að hugmyndir um flutning flugvallar sem þóttu raunhæfar þegar fjárráðin voru rýmri eru nánast galnar í dag.

Hvað með lýðræðið?

En hvað með lýðræðið? Flugvallarmálið fór vissulega í almenna atkvæðagreiðslu. Þar fékkst niðurstaða þótt þátttaka væri mjög dræm. Ég er hins vegar sammála þeim sem halda því fram að þetta mál komi landsmönnum öllum við, ekki Reykvíkum einum og eigi þess vegna að bera það upp við þjóðina alla. Afstaðan í flugvallarmálinu gengur þvert á alla flokka. Það höfum við rækilega verið minnt á í viðbrögðum við þessari umræðu nú síðustu daga.

Strandveiðar – gott hráefni sem heldur vinnslunum opnum

Sjávarútvegur
Elín Björg Ragnarsdóttir
framkvæmdastjóri SFÚ



strandveiðisjómanna og þekkingaröflun hafa hráefnisgæðin tekið stórstígu framförum og eru þau í dag síðri en annarra útgerðarflokka.

SFÚ fagna þeirri aukningu strandveiða sem orðin er og telja að hún muni tryggja betri aðgang að fiski yfir sumarmánudina fyrir allar þær vinnslur sem nú eru starfandi og gæti komið í veg fyrir lokun margra fiskvinnslustöðva yfir sumarmánudina. Slíkt er mikilvægt í núverandi atvinnuástandi þjóðarinnar.

SFÚ áréttar þó þá skoðun sína, sem fram kom í greinargerð samtakanna við minna kvótafrumvarpið, að allan strandveiðiafla skuli skylda til sölu á opnum fiskmarkaði. Eðlilegt samkeppnisumhverfi í greininni verði ekki fengið nema að markaðsverð ráði í öllum viðskiptum með afla.

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ voru stofnuð 1994 en hétu í upphafi Samtök fiskvinnslu án útgerðar. Félagar í SFÚ eru stærstu samtök landsins í fiskvinnslu sem kaupa hráefni sitt í umhverfi frjálsrar verðmyndunar. Innan vébanda samtakanna starfa stór og meðalstór fiskvinnslufyrirtæki sem hafa verið leiðandi í framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða um árabíl eða frá því fiskmörkuðum á Íslandi var hleypt af stokkunum árið 1987. Elstu fyrirtækin innan samtakanna eru þó nokkru eldri eða yfir 30 ára gömul.

Samtökin hafa um árabíl beitt sér fyrir frelsi í viðskiptum með fisk, að allur fiskur fari á innlandan markað eða sé seldur á markaðsverði í beinum viðskiptum og að fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu verði komið á. Hafa fyrirtækin innan SFÚ löngum greitt hæsta meðalverð fyrir hráefni sem í boði hefur verið, útgerðum og sjómönnum til hagsbótar.

Nú undanfarið hefur talsvert verið skrifað um það að hráefni strandveiðibáta sé lélegt, strandveiðar skapi ekki atvinnu í landinu og aflinn sé jafnvel fluttur óunninn úr landi.

Félagar innan Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ hafa keypt stóran hluta af afla strandveiðibátanna og eru félagsmenn almennt mjög ánægðir með hráefnisgæðin sem hafa aukist ár frá ári. Ganga sumir félagsmenn svo langt að segja að strandveiðarnar séu lykillinn að því að vinnslurnar starfi yfir höfuð yfir sumarið. Strandveiðarnar hafi að auki fært líf í hafnir landsins. Það er því ekki hægt að segja að strandveiðarnar skapi ekki atvinnu í landinu heldur hafa þær þvert á móti haldið uppi atvinnu. SFÚ telur jafnframt að nánast allt það hráefni sem strandveiðibátar afla skili sér til vinnslu hér innanlands. Það að menn telji að aflu strandveiðibáta sé fluttur úr landi óunninn bendir þó til þess að gagnrýni um lítil hráefnisgæði eigi ekki við rök að styðjast þar sem þeir hinir sömu telji að hráefnisgæðin séu það mikil að hráefnið þoli flutning í gámum milli landa. Það eitt og sér styður því það sem SFÚ hefur haldið fram, að hráefnisgæðin séu almennt mikil frá þessum bátum og hráefnið í langflestum tilfellum vinnanlegt á bestu markaðina.

Vissulega má líta til baka og segja að einhver misbrestur hafi verið á því í upphafi að hráefnisgæði hafi undantekningarlaust verið ásættanleg, en með aukinni reynslu

100.000.000
+540.000.000

640.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
640 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 540 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

V Í K I N G A

LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 13. JÚLÍ 2011

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



Jake Gyllenhaal klæddist fatnaði frá 66° Norður í þættinum Man vs. Wild sem sýndur var á Discovery á mánudag. Þátturinn var tekinn upp á Eyjafjallajökli og þykir mikil landkynning fyrir Ísland. Jake hefur auk þess verið myndaður í klæðnaði frá 66° Norður við ýmis önnur tækifæri.

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

FRÉTTABLAÐIÐ

Rafstilling ehf

Startarar Alternatorar

Viðgerðarþjónusta Varahlutir

Flottar og ódýrar bilaperur

Heimilis LED perur white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari

Taka 12 Kg - Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

praxis

... þegar þú vilt þægindi

Boston leður svart, hvítt, blátt, rautt kr. 9.990

Mónako Rúsinn og mikrofíber hvítt, svart 36-46 kr. 7.500

Lissabon leður svart, hvítt st. 36-42 kr. 8.900

Verona svart, hvítt st. 36-41 kr. 7.900

Paris leður svart, hvítt, blágrátt st. 36-42 kr. 9.500

Amsterdam leður svart, hvítt st. 36-42 kr. 6.900

Opið mán. - fös. kl. 11-17

Lokað á laugardögum

Bonító ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878

Arctic Trucks landar risasamningi við franska bíladreifingaraðilann CFAO automotive.



Arctic Trucks hefur breytt bílum fyrir leiðangra á Suðurskautslandinu. Hér stendur Emil við einn slíkan.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arctic Trucks hefur gert fimm ára samning við franska dreifingarrisann CFAO automotive um notkun á vörumerki sínu við breytingar, sölu og þjónustu við Toyota jeppa í fjórtán Afríkulöndum.

CFAO selur nú um þrettán þúsund Toyota bíla til þessara landa á hverju ári og gera menn sér væntingar um væna hlutdeild Arctic Trucks í breytingum á þeim, enda víða þörf fyrir öflug bíla í Afríku. Forsvarsmenn Arctic Trucks reikna með að innan þriggja ára verði árleg sala komin yfir 500 breytingar sem mun skila auknu hagræði í fram-

leiðslu íhluta ásamt tekjum af leyfisgjöldum til móðurfélagsins á Íslandi.

„Í farvatninu eru fleiri samningar sem tengjast Afríku þar sem fjöldi bifreiða verður væntanlega enn meiri. Þetta er því mjög spennandi fyrir okkur,“ segir Emil Grímsson stjórnarformaður Arctic Trucks. „Við höfum þjálfað starfsmenn CFAO í ákveðnum jeppabreytingum og fyrirtækið fær á móti leyfi til að selja bifreiðarnar undir okkar merkjum í gegnum sín Toyota-söluumbod í þessum löndum.“

Í hverju felast breytingarnar? „Í Afríku eru vegir sums staðar harðir og grýttir og annars

staðar er sandur og drulla. Endurbæturnar auka ökuhæfni bílanna við þessar aðstæður; fjöðrunin er uppfærð og líka dekkinn sem eru stækkuð úr 29 í 35 tommur og meira pláss búið til fyrir þau í „boddíinu“ þannig að bílarnir breikka. Við þetta minnka líkur á að dekkinn springi, aksturinn verður allur mýkri, stöðugleiki eykst og líftími bifreiðanna lengist.“

Arctic Trucks er þegar með starfsemi í Noregi, Finnlandi, Litháen, Rússlandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og

FRAMHALD | 2

VILD IS ÆÐE HÓL POJNT!

skemmtilegr

Nú geturðu byrjað að nota punktana þína sem þú hefur safnað í Stöð 2 Vild.

Kauptu viðbótaráskrift fyrir punkta.

Nýttu punktana þína upp í glæsileg tilboð hjá Vildarvinum Stöðvar 2.

Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is og njóttu allra þeirra fríðinda sem Stöð 2 Vild býður upp á.

VILD
Allt fyrir áskrifendur



Borgarbókasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölskyldugöngu á fimmtudagskvöld klukkan 20. Kynntar verða nýlegar barnabækur á söguljóðum þeirra víðs vegar um bæinn. Rithöfundarnir Þórarinn Leifsson og Margrét Örnólfsdóttir hitta göngugesti.

Einfaldur matseðill í ósnortinni náttúru

Svellandi súpa með heimabökuðu brauði og salati, ásamt kaffi og kökum, er í boði á Geitafelli, nýjum veitingastað á samnefndum bæ á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Svo er vísið að safni við hliðina.

Ferðamenn á Vatnsnesi sækjast eftir að sjá seli í sínum náttúrulegu heimkynnum, fuglalíf, kletta og fallegar vikur. Nú hefur aðráttarafl svæðisins aukist enn frekar því veglegur veitingastaður var opnaður í síðasta mánuði að Geitafelli, utarlega á vestanverðu nesinu. Þar ræður Sigrún J. Baldursdóttir ríkjum.

„Matseðillinn er einfaldur,“ segir Sigrún. „Við erum með sjávarréttasúpu og grænmetisúpu úr eðalhræfni, salat úr heimabæktuðu grænmeti og heimabakað brauð. Auk þess eru kaffi og kökur.“

Gestirnir okkar hafa verið afar ánægðir með þessar veitingar, skyrkakan nýtur til dæmis mikilla vinsælda hjá útlendingum.

En þú mátt geta þess í blaðinu að það er vissara fyrir stóra hópa að panta fyrirfram því súpan stendur ekki í pottunum allan daginn heldur er lögð eftir pöntun.

Sigrún keypti jörðina Geitafell, ásamt manni sínum Róbert Jóni Jack, árið 2002. Þar eru þau með hrossarækt í smáum stíl. Þau hafa endurnýjað girðingar og rífið öll hús nema hlöðuna og súrheysturninn, byggt nýtt íbúðarhús og breytt hlöðunni í 80 manna veitingastað. Efri hluti súrheysturnsins er tileinkaður tengdaföður Sigrúnar, sr. Róbert Jack, sem var prestur á Tjörn á Vatnsnesi og bjó á Geitafelli um tíma.

Munirnir í turninum endurspeglar koskan uppruna hans

og aðdáan á Manchester United. Á neðri hæð turnsins eru hlutir sem tilheyrðu Guðrúnu Brynjólfsdóttur klæðskera sem var vinnukona hjá prestinum, þar eru handsaumaðir búningar, bróderi og fleira.

Umferð er jafnan mikil um Vatnsnesið á sumrin að sögn Sigrúnar. Gisting er á bænum Ósum, rétt við hinn einstaka klett Hvítserk og á Illugastöðum er boðið upp á selaskoðun sem Sigrún segir geysivinsæla.

„Útlendingar eru alveg heilladír af selunum og allri þeirri ósnortnu náttúru sem nesið býr yfir,“ segir hún og bendir í lokin á heimasíðu staðarins, www.geitafell.is.

gum@frettabladid.is



Hús sem áður hósti hey er orðið að smekklefum 80 manna veitingastað og súrheysturninn geymir muni sem tengjast sögu staðarins.

MYND/SIGRÚN



„Vissara er fyrir stóra hópa að panta veitingar fyrirfram því súpan stendur ekki í pottunum allan daginn heldur er lögð eftir pöntun,“ segir Sigrún.

MYND/GUN

Gönguferðin þín er á utivist.is



Skoðaðu ferðir á utivist.is



Framhald af forsiðu

Brasilíu. Emil segir að með tilkomu Afríku bindi forsvarsmenn fyrirtækisins vonir við að auka hlutdeild sína frekar í bílabreytingum á heimsvísu.

„Nú er áherslan lögð á að koma breytingum af stað og byggja upp þjónustu kerfisbundið í þessum Afríkuríkjum með okkar samstarfsaðilum. Þegar fótfestu verður náð á þessum mörkuðum stefnum við á að bjóða aukna þjónustu, vörur og aukahluti undir okkar merkjum,“ útskýrir Emil.

Hann telur að reynsla Arctic Trucks af breytingum á Hilux pallbílum geti þar líka komið að góðum notum. „Í Suður-Afríku einni eru árlega seldir 32 þúsund slíkir bílar. Næðum við fimm prósent hlutdeild í Hilux-breytingum á þeim markaði einum værum við að tala um einhverja 1.500 breytta Hiluxa á ári hverju. Með meiri fjölda eykst enn hagkvæmni og sömuleiðis samkeppnishæfni.“

roald@frettabladid.is



Emil við breytta Toyotu svipaðri þeirri sem Top Gear-menn fengu að spreyta sig á.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS ?



Tilboð á rafgeymum



- Mælum rafgeyminn
- Mælum virkni á sólarcellu
- Mælum útleiðslu
- Veitum ráðgjöf

Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is · Opið frá kl. 8:15 - 17:30

ÚTSALA HAFIN!



B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSKT KISUNAMMI

Harðfísktöflur sem kisu elsa

VINSÆL VARA



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkflugvelli

HAMBORGARAR

MIÐVIKUDAGUR 13. JÚLÍ 2011

Kynningarblað Mjólkurhristingar, salöt, franskar, safaríkir borgarar

Betr'á Metro

Ásgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Metro, er stolt af nýjum og endurbættum matseðli.

Miklar breytingar hafa átt sér stað hjá Metro að undanfögnu. Markviss vörubrúun hefur skilað sér í fjölbreyttari matseðli. Nýir hollusturéttir hafa slegið í gegn og klassísku hamborgararnir hafa gengið í endurnýjun lífdaga með breyttu og bættu hráefni.

Nýtt og betra

„Frá því að við opnuðum Metro höfum við verið að þróa matseðilinn, styrkja hann og þétta. Við gerðum miklar kröfur um gæði og þess vegna höfum við verið í agaðri vörubrúun með matreiðslumeistararum okkar,“ segir Ásgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Metro. Hún segir að núna sé búið að finna réttu formúluna. „Við erum stolt af að kynna þennan nýja og fjölbreytta matseðil fyrir viðskiptavinum okkar. Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þeir sem vilja góðan hamborgara með frönskum geta valið um margar stærðir og gerðir. Hinir sem vilja frekar hollustu-fæði finna líka margar skemmtilega og nýstárlega rétti,“ segir Ásgerður.

Gæði og hollusta

Ásgerður segir að þótt þau kjósi íslensk gæði þá hafi þau ákveðið að flytja inn brauð og ost frá viðurkenndum framleiðendum erlendis. „Við fengum ekki þau brauð sem við vorum að sækjast eftir hér á landi né heldur rétta ostinn. Hins vegar er allt grænmeti ferskt og nýtt, íslenskt ef það fæst, og skorið niður hér á staðnum. Þá gerum við allar sósur frá grunni og kjótið er 100 prósent íslenskt nautakjöt. Vörubrúunin hefur skilað okkur mjög góðum hamborgurum sem við erum virkilega ánægð með.“



Ásgerður segir að þótt ýmsum hollusturéttum hafi verið bætt við matseðilinn á Metro þá séu klassísku borgararnir alltaf á sínum stað.

Beint úr ræktinni í Metro

Þeir sem hugsa um línurnar hljóta að fagna því að allir léttir réttir hjá Metro hafa verið mældir og þess vegna er viðskiptavinurinn upplýstur um það nákvæmlega hversu margar hitaeiningar eru í hverjum rétti. „Við erum með þrjár gerðir af salati og tvær gerðir af kjúklingaborgurum og vefjur. Þetta hefur mælst sérstaklega vel fyrir og við erum með marga fastagesti úr líkamsræktarstöðvunum hér í kring.“

Bragðgóðar og hollar naanlokur

Ein af nýjungum í Metro eru sérlega góðar naanlokur. Hægt er að velja um þrjár gerðir af þeim. Undirstaðan er innflutt, mjúkt og gott naanbrauð sem er fyllt með kjúklingi eða steik og ýmsu grænmeti. Hægt er að fá franskar kartöflur, ferskt salat eða baunasalat með naanlokunum, eftir smekk.



HEIMSBORGARI Í HEIMSKLASSA

Heimborgarinn er einn af klassísku réttunum hjá Metro og sem smakkast betur en nokkru sinni fyrr.



BESTU FRÖNSKURNAR Í BÆNUM?

Sumir segja að bestu frönskurnar séu á Metro, enda leggja viðskiptavinir á sig langferðalög til að komast í þær.



NAANLOKUR SLÁ Í GEGN

Meðal nýjunga á Metro eru þrjár gerðir af naanlokum. Undirstaðan er innflutt, mjúkt og gott naanbrauð sem er fyllt með kjúklingi eða steik og ýmsu grænmeti.



SALÖT FYRIR SÆLKERA

Þrjár gerðir af salati standa til boða á nýja matseðlinum, heystack-salat, salatvefja og sesarsalat. Allt hráefni er skorið niður ferskt á staðnum og með salatinu eru fitulitlar gæðasósar sem Metro hefur þróað sérstaklega fyrir grænu línuna.

NÝTT

naanlökka



Tikka masala naanlökka
STÖK | MÁLTÍÐ
899kr | 1.199kr



Oriental naanlökka
STÖK | MÁLTÍÐ
899kr | 1.199kr



Steikar naanlökka
STÖK | MÁLTÍÐ
899kr | 1.199kr

VELDU MEÐLÆTI OG DRYKK MEÐ MÁLTÍÐ



BAUNASALAT



MIÐSTÆRÐ GÖS

Tilbrigði við hrásalat

Sumum þykir hamborgaramáltíð ekki standa undir nafni án sósu og salats. Hér eru þrjár útfærslur af hrásalati með borgaranum.

1. Klassískt hrásalat

Fyrir fjóra
½ haus hvítkál, skorið í þunnar ræmur
½ haus rauðkál, skorið í þunnar ræmur
½ gulrót, rifin
1 msk. púrrulaukur, skorinn í þunna hringi
nokkrir bitar af ananas (má sleppa)
½ dós sýrður rjómi, 18%
3 msk. majónes
½ msk. ananassafi
salt og pipar eftir smekk

Blandið grænmetinu og ananasinum saman í skál ásamt sýrðum rjóma, majónesi og ananassafa. Kryddið eftir smekk.

2. Matarmikið með hráskinku

Fyrir fjóra
¼ haus hvítkál, skorið í þunnar ræmur
¼ haus rauðkál, skorið í þunnar

ræmur
¼ rifin gulrót
¼ bolli rúsínur
1 appelsína, skorin í litla bita
4 sneiðar beikon, vel steikt og skor-
ið í litla bita
2-3 sneiðar hráskinka, skorin í stóra
bita
1 tsk. límónusafi
1 tsk. hlynsíróp
1 tsk. dijonsinnep með hunangi
salt og pipar

Blandið grænmeti og ávöxtum saman í skál ásamt beikoni. Blandið límónusafa, hlynsírópi og dijonsinnepi saman, kryddið og blandið varlega saman við salat-blönduna. Leggið hráskinkuna ofan á salatið.

3. Ferskt hrásalat með valhnetum og myntu

½ haus kínakál, skorið í þunnar ræmur
¼ rófa, skorin í þunnar ræmur
½ bolli valhnetur, gróft malaðar
½ bolli fersk myntulauf
½ pera, sneidd í mjög þunnar sneið-
ar (gott að nota ostaskera)
1 tsk. hvítvínssedik
1 msk. hlynsíróp

Blandið grænmetinu saman í skál og hellið hvítvínssedik og hlynsírópi yfir.



WELLINGTON WIMPY

Þættirnir um Stjána bláa áttu stóran þátt í frægð hamborgarans. Sögupersónan Wellington Wimpy mætti til leiks í þáttunum árið 1931 en sá karakter var alltaf að borða hamborgara. Hann elskaði þennan rétt en var of nískur til að borga sjálfur. Hann reyndi því að plata fólk til að kaupa hamborgara fyrir sig og sagði þá jafnan: „glaður vildi ég á þriðjudag greiða þér fyrir borgara í dag.“

Heimild: Whatscookingamerica.net



GENGIS KHAN



Uppruna hamborgaranna má rekja allt til Ghengis Khan sem var uppi frá 1167-1227. Khan og hermenn hans, sem riðu um á litlum hestum ekki ólíkum þeim íslenska og herjuðu á þjóðir, höfðu oft lítinn tíma til að elda mat. Því komu þeir kjötstykki fyrir á milli hests og hnakks og mörðu kjötið á reiðinni svo það yrði meyr og mjúkt undir tönn. Stór landsvæði hins forna Rússlands féllu í hendur Ghengis Khan og urðu Slavar fyrir áhrifum af matseld Mongóla. Kjötið undir hnakknum kölluðu þeir „Tartar“ í höfuðið á þjóðflokknum, sem þeir kölluðu Tata. Með tíð og tíma bættu rússneskir

kokkar lauk og hráum eggjum við uppskriftina. Tartar-buff barst með þýskum sjómönnum til Hamborgar í byrjun 17. aldar og þaðan til New York. Í New York reyndu mótuneyti að höfða til þýskra sjómanna með því að kalla buffið „hamborgarsteik“. Þannig blandaðist orðið „hamburger“ við norður-ameríska matarhefð. En hvernig rétturinn þróaðist svo út í hamborgarann eins og við þekkjum hann í dag, kjötbuff á milli tveggja brauðsneiða, er önnur saga.

Heimild: Whatscookingamerica.net



Hamborgarar og pitsur eru aðalsmerki veitingastaðarins Burger Inn sem var nýverið opnaður í Flatahrauni 5a.

MYND/STEFAN

Amerískur sælkeramatur

Burger Inn er fjölskylduvænn veitingastaður sem var opnaður í Hafnarfirði á dögunum.

Nýverið opnaði veitingastaðurinn Burger Inn að Flatahrauni 5a í Hafnarfirði. Útlit staðarins er undir sterkum áhrifum frá amerískum veitingavögnum á sjötta áratugnum og maturinn allur eftir því, lýsir Örn Arnarsson matreiðslumeistari sem á staðinn ásamt syni sínum, Brynjari Arnarsyni.

„Hamborgarar og pitsur af öllum gerðum og stærðum eru okkar aðalsmerki, mínútusteikur, kjúklingaborgarar og bbq-

svínaríf,“ segir Örn glæðbeittur og lætur þess getið að salat hússins og ýmsir smáréttir bjóðist þeim sem kjósa léttari mat eða vilja huga að heilsunni. „Innan skamms verða síðan í boði dísætar súkkulaðikökur og fleira gott-erí þannig að sælkerar munu ekki koma að tómunum kofanum.“

Hans Unnpór Ólason veitti ráðgjöf og hannaði að hluta til staðinn ásamt Spes Art auglýsingastofu, en hann er eins og áður sagði í stíl við ameríska veitingavagna fyrri tíðar. Rennilegir kaggar og fönguleg fljód blasa við á veggmynd þegar gengið er inn og þægilegir básar og laus borð sem taka alls sjötíu manns í sæti, en auk þess er hægt að taka mat

með sér heim eða sækja beint í bílalúgu. Glymskrattinn er hið eina sem vantar til að fullkoma ímyndina en Örn segir það gera lítið til þar sem staðurinn sé búinn góðu hljóðkerfi.

Hvernig hafa svo viðtökurnar verið? „Þær fóru langt fram úr væntingum,“ svarar Örn. „Burger Inn höfðar til breiðs hóps viðskiptavina og hefur til dæmis hitt beint í mark hjá fjölskyldufólki,“ tekur hann svo fram og þakkar það afslöppuðu andrúmslofti ekki síður en fjölbreyttum og góðum matseðli. „Svo skemmir verðið ekki fyrir en við reynum að stilla því í hóf og erum líka alltaf með alls konar freistandi tilboð í gangi.“



Hlynur Elvar Prastarson og Pétur Smárason sjá um allan daglegan rekstur Snælandvideos.

MYND/STEFAN

Snælandvideo, saddur fyrir 690 krónur

Hamborgarar eru sérgrein Snælandvideos á grillinu, en auk þess er boðið upp á pítur, báta, samlokur og ýmsa smárétti.

Snælandvideo er 27 ára rötgróid fyrirtæki sem hefur alla tíð verið í eigu sama aðila. Fyrsta verslunin var opnuð í Furugrund 3 í Kópavogi. „Við leggjum mikla áherslu á ferskt og gott hráefni,“ segir rekstrarstjórinn Pétur Smárason. „Sömuleiðis leggjum við mikið upp úr því að nota íslenskt hráefni. Kjöt, osturinn, brauðið og sósan hjá okkur er allt saman rammíslenskt.“

Á grillinu eru hamborgararnir sérgrein Snælandvideos og hægt er að fá margar útfærslur af þeim. „Ostborgarinn er alltaf vinsælastur en lúxusborgarinn með eggi og beikoni hefur komið sterkur inn undanfarið ásamt tvöfalda ostborgaranum,“ segir Pétur og bætir við að hann og hans fólk hafi frá byrjun gert sitt besta til að halda vöruverði niðri. „Við munum halda

þeirri baráttu áfram um ókomna tíð. „Saddur fyrir 690 krónur“ er til dæmis slagorð sem við höfum notað við í markaðssetningu undanfarið. Fyrir aðeins 690 krónur fæst hamborgari, franskar og ísköld kók eða drykkir að eigin vali frá Vífilfelli,“ segir Pétur. Hamborgarar eru þó ekki það eina sem Snælandvideo býður upp á á grillinu, þar er líka hægt að fá pítur, báta, samlokur og ýmsa smárétti. Að auki er fyrirtækið leiðandi í útleigu á kvikmyndum ásamt því að bjóða upp á mikið úrval ísréttu frá Kjörís og sælgæti

með áherslu á íslenska framleiðslu.

En hverjir eru nú helstu kunnarnir sem koma? „Allir,“ segir Pétur. „Ég hef spjallað við níræða konu sem sagði mér að hún kæmi reglulega úr Hátúninu og fengi sér hamborgara á Laugaveginum. Og það eru að koma krakkar alveg niður í fimm ára að kaupa sér hamborgara, franskar og gos,“ segir Pétur, sem vill vera í góðu sambandi við kunnann þó að rekstrarhliðin krefjist þess að hann sinni öðru en bara afgreiðslu.

Á 27 árum hefur Snælandvideo opnað staði víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Nú má nálgast þjónustu þeirra á sex stöðum: Furugrund og Núpalind í Kópavogi, Reykjavíkurvegi og Staðarbergi í Hafnarfirði og á Laugavegi í Reykjavík. Svo er einnig Snælandvideo í Mosfellsbæ sem er á höndum sjálfstæðs rekstraradila. Á þessum stöðum vinna hátt í hundrað manns sem leggja upp úr þjónustu og gæðum í þeim tilgangi að stuðla að ánægju viðskiptavina, í takt við markmið Snælandvideos.



Gott er að fá sér ískalda kók með.

Ostborgari

690

Ostborgari, franskar, 0.5L Gos



Laugavegi 164 - 105 Reykjavík



Furugrund 3 - 200 Kópavogur



Núpalind 1 - 201 Kópavogur




Staðarbergi 2 - 4 - 221 Hafnarfjörður



Reykjavíkurvegi 72 - 220 Hafnarfjörður

Forboðnar freistingar



Fátt bragðast jafn vel með safaríkum hamborgara og dýrindis mjólkurhristingur. Hér eru tillögur að mismunandi útfærslum sem tilvalið er að prófa heima.

Mjólkurhristingur með jarðarberjum

Fyrir tvo
1 bolli af ferskum jarðarberjum
4 bollar af mjólk
Sykur, eftir smekk
Ísmolar

Blandið jarðarberjunum og einum bolla af mjólk saman í rafmagnskvörn í um það bil hálfa mínútu, þar til blandan verður froðukennd. Bætið þá restinni af mjólkinni út í ásamt sykri og ísmolum. Blandið í hálfa mínútu. Hellið blöndu í löng og mjó glös. Þeytið rjóma og setjið ofan á.

Mjólkurhristingur með súkkulaði

Fyrir einn
¾ bolli af mjólk
½ tsk. af vanilludropum
3 msk. af súkkulaðisírópi
½ bolli af ís, annaðhvort vanillu- eða súkkulaðiís
1 tsk. af sykri

Blandið öllu saman í rafmagnskvörn í um það bil eina mínútu eða þar til blandan verður froðukennd. Hellið blöndunni í stórt glas. Þeytið rjóma og setjið ofan á og skreytið með (sykruðum) kirsuberjum.

Hollur mjólkurhristingur með banönum

Fyrir einn
200 ml undanrenna
½ banani, niðurskorinn
1 tsk. vanilludropar
1 tsk. kanill
1/3 bolli af muldum ísmolum

Skerið banana í sneiðar, setjið í poka og frystið. Blandið helmingnum saman við muldu ísmolana, undanrennuna og vanilludropana í rafmagnskvörn, eða þar til blandan verður froðukennd. Hellið í langt og mjótt glass. Stráið kanil ofan á og berið fram.

Hollur mjólkurhristingur með hindberjum

115 g hindber
250 ml sojamjók með vanillubragði
375 ml frosin jógúrt

Blandið öllu saman í rafmagnskvörn í um það bil mínútu, þar til blandan verður froðukennd. Hellið í stórt glas. Þeir sem láta sig hollustu litlu varða geta bætt þeyttum rjóma út á og skreytt með hindberjum.

Banana

Jarðarberja



Hindberja

Súkkulaði



Skalli Ögurhvarfi

Þrjár óvenjulegir:



Texas - borgari
Verðalauna-borgari frá Texas með osti, sterkri jalapenosósu og laukhringjum.



Akureyringur
Hamborgari með frönskum á milli á norðlenska vísu.



Indverjinn
Hambogari í brakandi naan brauði með grillaðri papriku og rauðlauk.

ÍSLENSKA
**HAMB
 ORGARA
 FABRIK
 KAN**
 2010



LAMBORGARINN



MORTHENS



STÓRI BÓ

HAMBORGARAFABRIKKAN ER Í HAGKAUP



LAMBORGARI
 FABRIKKUNNAR



GRILLBORGARI
 FABRIKKUNNAR



BARNABORGARI
 FABRIKKUNNAR



GRÍSARÍF
 FABRIKKUNNAR



FABRIKKUSÓSAN



HUNANGSSÓSA
 FABRIKKUNNAR



SINNEPSSÓSA
 FABRIKKUNNAR



KOKTEILSÓSA
 FABRIKKUNNAR



BERNAISESÓSA
 FABRIKKUNNAR



BARBÍKJÚSÓSA
 FABRIKKUNNAR



GULRÓTARKAKA
 FABRIKKUNNAR



FABRIKKÚISINN



SKYRTERTA
 FABRIKKUNNAR

NÁÐU ÞÉR Í EINTAK
 GRILLHANDBÓK
 FABRIKKUNNAR



HAGKAUP
 Ein ferð betra verð

Tilraunir með álegg

Margir bregða aldrei út af vananum í hamborgaramatreiðslu og velja alltaf sama álegg. Gaman getur verið að flippa örlítið og prófa að breyta til, þótt ekki sé nema að bæta beikoni eða nýrri grænmetistegund á borgarann.



Nachos-flögur og laukhringir



Ástralskur hamborgari



Avókadóást

Nachos-flögur og laukhringir

Fyrir einn

- 1 hamborgari, brauð og kjöt
- djúpsteiktir laukhringir
- kálblöð að eigin vali
- 1/2 tómatur, þunnt skorinn
- 1/5 rauðlaukur, þunnt skorinn
- 4-5 nachos-flögur
- 1 msk. salsasósa
- 1 msk. majónes

Smyrjið sundurskorið hamborgarabrauð með majónesi. Raðið djúpsteiktum laukhringjum, tveimur til þremur, á hvert brauð. Þar ofan á fara kálblöð, tómatur og rauðlaukur. Komið steiktu kjötinu fyrir á þessari breiðu og stráðið nachos-flögum ofan á. Gott er að setja salsasósu á topp alls þessa áður en brauðinu er lokað.

Ástralskur hamborgari

Fyrir einn

- 1 hamborgari, brauð og kjöt
- 1 egg
- 2 beikonsneiðar
- 2-3 sneiðar af osti
- 1 stór tómatsneið, þykkt eftir smekk
- 1 stór rauðrófusneið, þykkt eftir smekk
- 1 ananashringur
- kálblöð að eigin vali
- tómatsósa
- 1 msk. smjör

Smyrjið sundurskorið hamborgarabrauð með tómatsósu. Steikið beikonið um leið og kjötið og bræðið ostinn á kjötinu. Mýkið laukinn og rauðrófunu á pönnu við vægari hita. Spælið egg. Raðið káli og tómatsneið neðst ofan á brauðið og setjið kjötið þar ofan á. Þar næst kemur ananasinn, rauðrófan, beikonið og laukurinn. Eggið setur lokapunktinn og er komið fyrir ofan á þessu öllu saman.

Avókadóást

Fyrir einn

- 1 hamborgari, brauð og kjöt
- 1/2 avókadó, skorið langs-um í þykkar sneiðar
- kálblöð
- 2 msk. rautt mauk að eigin vali, til dæmis rautt pestó eða salsasósa
- 1 stór ostsneið, ekki brædd

Smyrjið sundurskorið hamborgarabrauð með salsasósu eða rauðu pestói. Raðið kálblöðum á brauðið og setjið kjötið þar ofan á. Setjið ostinn ofan á kjötið þegar það er komið í brauðið því hann á ekki að vera bræddur. Ofan á ostinn fara avókadósneiðarnar.

Grillhúsið

LIFE IS BEAUTIFUL



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 5275000 - www.grillhusid.is



Ingibjörn Sigurbergsson er framleiðslustjóri í fyrirtækinu Ferskar kjötvörur.

Mýktin og góða bragðið

Vörumerkið Islandsnaut er vel þekkt á íslenskum markaði. Það er í eigu fyrirtækisins Ferskar kjötvörur sem er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vinnslu og sölu á fersku kjöti.

rekur fyrirtækið tvö kjötborð í Hagkaupum, annað í Kringlunni og hitt í Garðabæ.

Leifur segir nautakjöt vera í meirihluta þess köts sem Ferskar kjötvörur vinni og versli með og segir fyrirtækið meðal annars kaupa það beint frá bændum. „Við höfum gert samning við nokkra vel

að ala upp nautgrip. Þetta er ekki spretthlaup, heldur langhlaup, þó er þetta skref strax farið að skila okkur árangri.“

Þá kemur Leifur að öðrum hlut í sambandi við nautasteikurnar og það er meirnunartíminn. „Öfugt við hakið, sem við viljum selja sem ferskast, verður að láta kjötið meirna í kæli í þrjár til fjórar vikur áður en það er skorið í steikur og sett á markað,“ útskýrir hann.

Að lokum berst talið að kjötfitunni sem Leifur segir verða að vera til staðar. „Í fitunni felast gæðin. Það á við bæði í steikunum og hamburgurum,“ segir hann ákveðinn. „Þó flestir velji 10-14% fitu í hakki þá er betra að hafa hamburgara feitari því úr fitunni kemur mýktin og svo þetta góða bragð. Þar með er ekki sagt að fólk neyti allrar fitunnar því þegar kjöt er steikt eða grillað þá flæðir mikið af henni í burtu. Í nautasteikum er auðvelt að skera fitu frá áður en byrjað er að borða. Hún er bara þarna í elduninni til að gefa mýkt og bragð.“

Aðalsmerki okkar er ferskt kjöt undir vörumerkinu Islandsnaut, Íslandsgrís, Íslandslamb og Íslandsálegg,“ segir Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara. „Eins og merkið gefur til kynna höfum við byggt það upp með því að vera eingöngu með íslenskt kjöt og erum að framleiða hakk og margar stærðir af hamburgurum með þessu merki. Við leggjum metnað okkar í að vinna hvort tveggja úr eins fersku hráefni og mögulegt er. Svo mælum við fituinnihaldið með ákveðnum tækjum og getum þess á umbúðunum.“

Ferskar kjötvörur eru með tæplega 60 manns í vinnu, þar af eru um 45 í kjötvinnslu og auk þess

” Í fitunni felast gæðin. Það á við bæði í steikunum og hamburgurum.

valda bændur sem eru að ala sérstaklega fyrir okkur gripi og borgum þeim aukalega fyrir það. Það kjöt verður einkum notað í finar steikur, lundir, rib eye, entrecote, prime, mínútusteik og þar fram eftir götunum. Allt undir Islandskjötsmerkinu,“ lýsir hann og segir samninginn nýtilkominn. „Við byrjuðum bara á þessu ári að leita þessara leiða og það tekur tvö ár

www.islandsnaut.is



Ævintýrlega góðir HAMBORGARAR

100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT

Íslandsnaut ungnautahamburgararnir eru frábærir á grillið eða á pönnuna. Einnig er mjög gott að búa til sína eigin hamburgara úr Íslandsnaut ungnautahakki. Prófaðu þig áfram og notaðu hugmyndaflugíð. Hamburgarar eru ekki bara hamburgarar... heldur svo miklu meira.

Nú fylgir lítil uppskriftabók með hverjum pakka af Íslandsnaut ungnautahamburgurum. 23 ævintýrlega góðar uppskriftir af freistandi og framandi hamburgurum.



Fæst í verslunum



GOTT TIL AÐ GRÍPA MEÐ SÉR

Frosnir nautaveisluhamburgarar eru meðal þess sem Ferskar kjötvörur hafa upp á að bjóða. Leifur Þórsson framkvæmdastjóri hefur þetta um þá að segja: „Þarna erum við með 100 gramma hamburgara sem við seljum tíu saman í pakka og 175 gramma hamburgara sem eru seldir fjórir saman. Allir eru þeir framleiddir sem frystivara svo fólk geti gripið þá með sér, til þægindaauka, hvert sem er, til dæmis í tjaldferðalagið eða bústaðinn. Þeir geta þess vegna þiðnað á leiðinni og verið akkúrat tilbúnir þegar komið er á áfangastað. Svo getur líka verið gott að eiga þá í frystinum heima.“



Frosnir nautaveisluhamburgarar henta vel í ferðalagið eða í frystinn heima.

BOLD & JUICY

ULTIMATE DOUBLE
JACK DANIEL'S® BURGER
MEÐ FRÖNSKUM OG VISKÍGLJÁA

2.190



Alltaf föstudagur
- alltaf fjör!

T.G.I. Friday's Smáralind
sími: 570 4400 • www.fridays.is



Starfsfólk T.G.I. Friday's tekur ávallt vel á móti gestum.

MYNDVILHELM

Alltaf fullt út úr dyrum

Ferskleiki og fjölbreyttur matseðill er aðalmerki T.G.I. Friday's sem hefur í áratug rekið vinsælan veitingastað hérlendis.

T.G.I. Friday's í Vetrargarðinum í Smáralind fagnar 10 ára afmæli í ár. Að sögn framkvæmdastjórans, Ævars Olsen, tóku landsmenn samstundis vel í afslappað andrúmsloftið og þann góða og fjölbreytta matseðil sem staðurinn statar af. Þótt nú sé liðinn áratugur virðist ekkert lát ætla að verða á góðri aðsókn.

„Satt best að segja stefnir nú í metár þar sem tíu þúsund manns hafa verið í mat í hverjum mánuði síðan við ákváðum að lækka öll verð á matseðli í janúar á þessu ári. Gestum hefur því fjölgað um einhver 29 prósent frá því í fyrra,“ segir Ævar léttur í lund og þakkar ekki síður framúrskarandi matseld en breyttu verðlagi góðar viðtökur. „Enda alkunn staðreynd að amerísk matargerð er landsmönnum að

skapi.“ Ævar vísar þar í matseðilinn sem samanstendur af rjómanum í bandarískri matseld, steikum, hamburgurum og sívinsælum rifjum þar á meðal. „Hráefnið er aftur allt íslenskt enda höfum við verið hörd á því að leggja okkar af mörkum til að styðja íslenskan iðnað,“ segir hann og útilokar ekki að sú ákvörðun hafi átt sinn þátt í því að T.G.I. Friday's hélt velli á Íslandi á meðan keppinautarnir lögðu niður laupana hver á fætur á öðrum. „Enda rándýrt að flytja inn allt hráefni og í raun sérkennilegt þar sem hér er úr miklu og góðu að móða.“

Ævar segir stöðuga endurnýjun á matseðli T.G.I. Friday's sömuleiðis hafa tryggt staðnum viðvarandi vinsældir. „Við endurskoðum hann reglulega og skiptum út réttum sem hafa lítið hreyfst síðustu fjóra

mánuði. Þannig reynum við stöðugt að greina og koma til móts við þarfir gesta okkar,“ útskýrir hann og getur þess að á næstu dögum verði einmitt nýr og spennandi matseðill tekinn í notkun. „Ljúf-fengar kökur, dísæt súkkulaðikaka og ostakaka sem bráðnar í munni, eru aðeins brotabrot af því lostæti sem verður boðið upp á.“

Spurður hvort eitthvað sérstakt standi svo til í tilefni af afmælinu, segir Ævar stefnt að því að slá upp heljarinnar veislu á daginn sjálfan, tíunda október.

„Afmælið ber upp á tíu ára afmæli Smáralindar og við ætlum að vera með veislu fyrir öll skilningarvitin, sælkeramat, feikinóg af tilboðum sem ekki hafa sést hérlendis, tónleika og óvæntan glaðning,“ segir hann.



GUÐI SÉ LOF FYRIR FÖSTUDAGA

Saga T.G.I. Friday's hefst árið 1965 þegar ungur og ókvæntur ilmvatns-sali ákvað að kaupa niðurníðan bar í New York, flikka upp á hann og selja veitingar. Hann réð unga og hressa þjóna og nefndi staðinn því skemmtilega nafni Thank God It's Friday, eða Guði sé lof fyrir föstudaga. T.G.I. Friday's varð samstundis vinsælt veitingahús og upp frá því fjölgaði eigandinn stöðum. Nú rekur veitingahúsakeðjan 930 staði í 61 landi.



PARTÝMATUR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

Samhliða veitingarekstri hefur T.G.I. Friday's haldið úti veisluþjónustu sem hefur notið fádæma vinsælda hérlendis. „Við bjóðum partybakka sem eru settir saman úr réttum af matseðli fyrir veislu og party af öllu tagi,“ segir Ævar Olsen, hjá T.G.I. Friday's og tekur fram að auðvitað sé hægt að semja um breytingar. „Það samræmist einkunnarorðum T.G.I. Friday's „óskum gestanna er aldrei neitað“ útskýrir hann og bætir við að lítið mál sé að skutla matnum á staðinn þegar um stærri veislu er að ræða.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Elísabet
Halldórsdóttir**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum
laugardaginn 9. júlí. Útför hennar fer fram frá
Fossvogskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 15.00.

Ingibjörg Kolbeinsdóttir
Margrét Kolbeinsdóttir
Elísabet Kolbeinsdóttir

Snorri Þórólfsson
Guðmundur Ingvason

Halldóra Kolbeinsdóttir French
Kolbeinn Kolbeinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Roy French
Þórdís K. Ágústsdóttir



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Viggo J.
Nordquist**

verkstjóri,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

áður til heimilis að Skipagötu 15, Ísafirði, andaðist á
Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 10. júlí.
Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn
15. júlí kl. 13.00.

Kristjana Valgerður Jónsdóttir
Sigrún Viggósdóttir
Kristján Viggósson
Vilberg Viggósson
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll Gunnar Loftsson
Erna Guðmundsdóttir
Ágöta Jó



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Úlfarsson

Teigagerði 16,

lést 7. júlí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 15. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst
hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

Margrét Kristín Björnsdóttir
Björn Úlfar Sigurðsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
barnabörn og langafabörn.

Ósk Halldórsdóttir
Ágúst Benediktsson



Yndislegur eiginmaður minn, faðir,
fösturfaðir, sonur og bróðir,

**Einar Skagfjörð
Sigurðsson**

húsasmíðameistari,
Fögruhlíð 3, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn
2. júlí. Jarðsungið verður frá Garðakirkju fimmtu-
daginn 14. júlí. kl. 15.00. Jarðsett verður í kirkjugarði
Hafnarfjarðar.

Erla Sveinsdóttir
Telma Rut Einarsdóttir
Linda Björg Reynisdóttir
Einar Örn Reynisson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Birna Baldursdóttir
Eyjólfur Guðni Björnsson
Jóna Björk Sigurðardóttir
Bogi Sigurðsson
Auður Bryndís Sigurðardóttir
G. Brynja Sigurðardóttir
Anna Sólveig Sigurðardóttir
Aðalheiður Drífa Sigurðardóttir
Guðmundur Björn Sigurðsson

Þórir Gunnarsson
Kolbrún Ósk Elíasdóttir
Sigurður Skagfjörð

Steindór Árnason
Borga Harðardóttir

Þórður Úlfar Ragnarsson
Natalía Vico

tímamót

timamot@frettabladid.is



HÁKON AÐALSTEINSSON, bóndi og hagyrðingur
(1935-2009) fæddist þennan dag.

„Áfram líður ævin ströng, alltaf vantar tíma.“

PRASTASKÓGUR: HALDIÐ ER UPP Á HUNDRÁÐ ÁRA AFMÆLI

Vildu vera nálægt járnbraut

Ungmennafélag Íslands heldur upp
á hundráð ára afmæli Prastaskógar
í Grímsnesi um þessar mundir. „Það
eru hundráð ár síðan Tryggvi Gunn-
arsson athafnamaður gaf Ungmenna-
félagi Íslands spildu við Sogið sem er
45 hektarar að stærð,“ segir Björn B.
Jónsson, formaður afmælisnefndar
Prastaskógar.

Björn segir að skógurinn hafi ekki
borið heitið Prastaskógur þegar
UMFÍ eignaðist hann. „Norðlending-
urinn Guðmundur Davíðsson nefndi
svæðið Prastaskóg árið 1913,“ segir
Björn og er í framhaldi spurður hver
sé sagan að baki nafngiftinni. Hann
segir: „Þegar Guðmundur kom suður
og heyrði í þróstunum í skóginum sá
hann að ekkert annað kæmi til greina
en að nefna svæðið Prastaskóg.“ Að
sögn Björns var fljótlega farið að
ræða um að svæðið væri kjörið skóg-
ræktarland. „Fyrst var farið að planta
í skóginn árið 1927 og það hefur verið
plantað jafnt og þétt til dagsins í dag,“
útskýrir Björn en á tímabili komu
ungmennafélög, plöntuðu og áttu sín
svæði í skóginum.

Björn segir að fljótlega eftir að
UMFÍ tók við Prastaskógi hafi
verið reist þar veitingahús. „Ung-
mennafélagar vildu koma upp
veitingaaðstöðu. Þeir voru að horfa til
þess að hafa aðstöðu sem yrði nálægt
járnbrautinni sem myndi liggja frá
Reykjavík,“ upplýsir Björn sem segir
að fallett hús hafi verið vígt 1928.
„Elín Egilsdóttir veitingakona lét
byggja reisulegt hús.“

Elín seldi húsið breska setuliðinu
á Íslandi. „Það brann í höndunum á
þeim,“ segir Björn en fljótlega var
farið að ræða byggingu nýs húss. „Það
var þó ekki fyrir en 1965 sem veitinga-
hús var byggt aftur. Það var reyndar



PRESTIR Í SKÓGI Í tilefni hundráð ára afmælisins verða göngur öll þriðjudagskvöld í júlí.

MYNDIR /ÚR EINKASAFNI

byggt til bráðabirgða og rífið 2003. Þá
var það veitingahús sem stendur í dag
reist.“

Inntur eftir því hvernig Prastaskóg-
ur tengist UMFÍ í dag segir Björn:
„Þangað koma ungmennafélagar og
njóta útiverunnar í skóginum.“

Haldið verður upp á hundráð ára
afmæli Prastaskógar í júlí. „Við erum
með göngur öll þriðjudagskvöld
í júlí sem eru tileinkaðar afmæli
skógarins.“

martaf@frettabladid.is



PRASTASKÓGUR 100 ÁRA Björn B. Jónsson
segir að snemma hafi verið rætt um að
svæðið væri kjörið skógræktarland.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

Unnur Hjartardóttir

Breiðuvík 18, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 10. júlí.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðviku-
daginn 20. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim
sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Börn, tengdabörn og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

Anna Kristjana

Bjarnadóttir

Suðurgötu 30, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi mánudaginn
4. júlí. Útförin verður í Keflavíkurkirkju fimmtudaginn
14. júlí kl. 13.00.

Ásdís Þorsteinsdóttir
Anna Steina Þorsteinsdóttir
Rut Þorsteinsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ragnar Eðvaldsson
Stefán Björnsson
Sæmundur Alexandersson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

Svava Símonardóttir,

Höfða, Akranesi,

andaðist föstudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá
Akranesarkirkju föstudaginn 15. júlí kl. 14.00. Blóm
og kransar vinsamlega afþakkað, en þeim sem vilja
minnst hennar er bent á líknarstofnanir.

Þórir Sigurðsson

Ingibjörg Elísabet
Þóroddsdóttir

Tómas Ævar Sigurðsson
Viktor Grímar Sigurðsson

Kristjana Ragnarsdóttir
Anna Steingerður
Björnsdóttir

Sigríður Selma Sigurðardóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Sesselja Magnúsdóttir
Tómas Friðjónsson
og ömmubörn.

Ólafur Ágúst Simonarson
Hinrik Helgi Hallgrímsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

Oddný Sigríður

Davíðsdóttir Suarez

frá Þórshöfn á Langanesi,

andaðist á St. Barts Hospital London þriðjudaginn
7. júní. Jarðarförin hefur farið fram.

William Suarez
Ruby Suarez
Nancy Suarez
Oskar, Indiana og Orson
Guðjón Davíðsson
Þórdís Davíðsdóttir
Jón Davíðsson
Sigurjón Davíðsson
Jónína M. Davíðsdóttir
Steinunn B. Björnsdóttir
og fjölskyldur.

Simon Sutherland
Ian King

Anna M. Eymundsdóttir
Hafsteinn Steinsson
Sigríður Bjarnadóttir
Erla Jóhannesdóttir
Einar Ólafsson
Halldór K. Jakobsson

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BÓNUS PYLSUR 10 STK.
Bónus pylsur 10 stk. (u.þ.b 480g) ca 285 kr. pakkinn

599 KR.KG PYLSUPAKKINN UÐR
285 KR.

579 KR.PK

SS PYLSUR 10 STK. 560g
30 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

198 KR. 570g
HEINZ TÓMATSÓSA 570g

139 KR. 5 stk.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ

359 KR. 300ml
FABRIKKUSÓSAN

1398 KR.
10x100 GRÖMM

998 KR.
4x175 GRÖMM

NAUTA Veisla

FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR 100% HREINT NAUTAKJÖT

RISA HAMBORGARI

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS

98 KR. 100g
STEIKTUR LAUKUR 100g

279 KR. 700g
GRILL-KARTÖLFUR 700g

29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g

359 kr.
HEIMA EINNÖTAGRILL

398 kr.
HEIMA GRILLVÖKVI 1 ltr.

159 kr.
HEIMA GRILLBAKKAR 4 stk.

139 KR. 4 stk
EXTRA STÓR HAMBORGRABRAUÐ

379 KR.
100g GRANDOS INSTANTKAFFI

198 KR. 300g
HILL KREMKEK CUSTARD CREAM 300g

198 KR. 300g
HILL KREMKEK BOURBON 300g

98 KR.
YUM YUM NÚÐLUR 70g

159 KR. 125g
KEX M.SÜKKULAÐIPLÖTU 125g

159 KR. 125g
SÜKKULAÐIBITA-KÖKUR 125g

98 KR. 120g
TOFFYPOPS CRUNCHY CHOCOLATE

98 KR. 150g
MARYLAND COCONUT & CHOC CHIP

195 KR. 2 LTR
COKE LIGHT-ZERO

195 KR. 2 LTR
7 UP- EGILS MIX 2 LTR.

659 KR.
SAMTALS 6 LTR.

69 KR. STK
MOUNTAIN DEW - MIX - APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX 33 CL DÓSIR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. íþrótt, 6. frá, 8. vefnaðarvara, 9. þjófnæður, 11. kringum, 12. laust bit, 14. enn lengur, 16. berist til, 17. iðka, 18. drulla, 20. persónufornafn, 21. slabb.

LÓÐRÉTT

1. þungi, 3. pot, 4. reiðufé, 5. fát, 7. fáskiptinn, 10. gogg, 13. útsæði, 15. kviður, 16. hryggur, 19. guð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gólf, 6. af, 8. tau, 9. rán, 11. um, 12. glets, 14. áfram, 16. bít, 17. æfa, 18. aur, 20. ég, 21. krap.
LÓÐRÉTT: 1. farg, 3. ót, 4. lausafé, 5. fúm, 7. fáláður, 10. nef, 13. fræg, 15. magi, 16. bak, 19. ra.



Pingeyjarsveit

TILKYNNING UM FRAMKVÆMDALEYFI

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 23. júní 2011 umsókn Þeistareykja ehf. um framkvæmdaleyfi til borunar rannsóknarholu PG-08 á borplani N á Þeistareykjum.

Samþykktir eru uppdættir, framkvæmdalýsing og -áætlun í framlögðum útboðsgögnum. Framkvæmdaleyfið, ásamt framlögðum gögnum, er aðgengilegt á heimasíðu Pingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð göng og gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar hefur kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og veitir framkvæmdaleyfi með skilyrðum sem tilgreind eru í útgæfnum leyfisgögnum.

Samið hefur verið um greiðslu framkvæmdagjalds. Framkvæmdaleyfið fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá dagsetningu þess. Í samræmi við 15. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er ákvörðun framkvæmdaleyfis kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá útgáfudagsetningu, þ.e. til 13. ágúst 2011.

Pingeyjarsveit, 12. júlí 2011,

Tryggvi Harðarson, Sveitarstjóri Pingeyjarsveitar

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

Í túninu heima

BAKPANKAR
Jóns
Sigurðar
Eyjólfssonar

Undanfarnar tvær vikur hef ég fylgst með íslenskri æsku og hefur það fyllt mig síðbúnum áhyggjum.

HUGURINN hverfur nefnilega til æskudaga á Bíldudal þegar við Logi héldum Evrópukeppni meistaraíða í túninu heima. Þó við værum aðeins tveir varð okkur ekki skotaskuld úr því að fara með hlutverk tuttugu og tveggja leikmanna, dómara og síðan tókum við okkur í munn alla frasana hans Bjarna Fel til að lýsa gangi leiksins.

PEIR sem leið áttu hjá létu sér ekki bregða þótt Logi hlypi um túnið með hendur upp í loft og hrópaði „jeh“ en það átti hann til að gera þegar hann skoraði mikilvægt mark. Fór ég þá fyrst með hlutverk vonsvikins markvarðar sem skammaðist yfir slökum varnarleik sinna manna en síðan brá ég mér í hlutverk samherja Loga og fagnaði honum með því að keyra hann niður í grasið, setjast klovvega yfir hann og hrópa fagnaðaróp svo undir tók í dalnum. Eitt sinn sá Oddi okkur í þessum aðförum og klóraði sér í hausnum.

TIL allrar hamingju var þetta fyrir þá tíð er leik-

menn fóru að tína af sér spjarirnar um leið og þeir skora mikilvægt mark.

LEIKMENN sem okkur þóttu leiðinlegir stóðu sig venjulega ekki vel á þessum mótum. Til dæmis var Ian Rush oftast rekinn út af með skömm eða var hreinlega ekki á skotskónum.

EFTIR úrslitaleikinn var síðan farið upp á svaðir en þar afhenti ég Loga forlátan úti-blómátt sem hann hampaði með miklum fögnuði enda vel að honum kominn. Eitt sinn varð Jón á Hóli vitni að slíkri verðlaunaafhendingu. Hann sagði: „jah, strákarnir“ og þá var málið útrætt.

NÚ hef ég séð að svo kexruglaðir krakkar eru vandfundnir. Kannski er samfélagið orðið svo móðins að passað er upp á að þeir séu ekki á víðavangi.

EN þá vaknar sú spurning, hvernig svona rugludallar fengu að fljóta í gegnum Grunnskóla Bíldudals svo til óáreittir. Því er til að svara að á níunda áratugnum voru sálfræðingar jafn sjaldséðir á Bíldudal og rostungar. Nei, ég lýg því, það kom einn rostungur og lagðist á hafnargarðinn árið 1984.

ÁRIÐ sem Ipswich Town vann Evrópukeppni meistaraíða í túninu heima.



myndasögur


Pondus

Eftir Frode Overli




Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Nýr Peugeot 508. Áræðni & öryggi.



Verð frá kr. **4.390.000**

Eyðsla í blönduðum akstri (l/100 km) frá 4,4 til 7,1. CO₂ útblástur (g/km): frá 115 til 164.

Áræðni - Ný hönnun, nýtt viðmót og aksturseginnleikar sem samkeppnin á erfitt með að jafna á þessu verði.
Öryggi - ABS, EBD, EBA, ESP, ASR, CBC veitir ríka hugarró fyrir bílstjóra, farþega og gangandi umferð.

NÝR PEUGEOT **508**



PEUGEOT
MOTION & EMOTION



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

TEGLA 3D FULLKOMIN GÆÐI!

Harry Potter OG DAUÐADJÁSINN

★★★★★ LS-ENTERTAINMENT WEEKLY

★★★★★ TEM - THE HOLLYWOOD REPORTER

12 STÆRSTA MYND ÁRSINS! BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN. SJÁÐU LOKAKAFLAN Í 3D

16 **ATTACK I BLOCK** KL. 8 - 10

ZOOKEEPER KL. 3.30 - 5.45 - 8

TRANSFORMERS 3 3D KL. 5 - 10.15

TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS KL. 5 - 8

BAD TEACHER KL. 5.50 - 8 - 10.10

MR. POPPER'S PENGUINS KL. 3.40 - 5.50

BRIDESMAIDS KL. 8 - 10.40

KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D KL. 3.40

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐSALA Á **midi.is** facebook /smarabio • facebook /haskolabio



SAMAN Í SIÐASTA SKIPTI Harry, Ron og Hermione sameina krafta sína í síðasta skipti gegn hinum máttuga Voldemort.

MÖGNUM ENDALOK

Bíó: ★★★★★

Harry Potter og dauðadjásnin
Seinni hluti

Leikstjóri: David Yates. **Aðalhlutverk:** Daniel Radcliffe, Emma Watson, Rupert Grint o.fl.

Það var skrítn tilfinning að keyra upp í Egilshallarbíó vitandi að eftir aðeins nokkra tíma væri Harry Potter-ævintýrið á enda. Seinni hluti Harry Potter og dauðadjásnanna var fram undan. Þeim fyrri, sem frumsýndur var í nóvember, lauk þar sem Voldemort hafði komist yfir yllisprotann úr grafhýsi Dumbledores og þar með eignast kröftugasta sprota galdraheimanna.

Í upphafi myndarinnar, sem sýnd er í þrívídd, er stutt upprifjun á fyrri hlutanum. Þau Harry, Ron og Hermione verða að halda

áfram að eyða helkrossunum ef þau ætla sér að sigra Voldemort. Eftir að hafa þurft að brjótast inn í Gringotts-bankann í leit að helkrossi, snúa Harry, Ron og Hermione aftur í Hogwarts og hefist þá hin mikla barátta við Voldemort. Tríoíð finnur helkrossana og tortímir þeim, en sá síðasti og mikilvægasti ætlar að reynast þeim erfiður. Magnþrunginn drungi hvíldi yfir allri myndinni og það var augljóst alveg frá upphafi að endalokin voru í nánd. Seinni hlutinn var töluvert þéttari en sá fyrri, og mun meira spennandi.

Ólíklegar söguhetjur eins og prófessor McGonagall (Maggie Smith) og Neville Longbottom (Matthew Lewis) sýna stórleik í myndinni og koma til bjargar á ögurstundu. Alan Rickman, í hlutverki Severusar Snape, hefur aldrei verið jafn sannfærandi og eru endurminningar Snapes

(The Prince's Tale) eitt magnaðasta atriði myndarinnar, en þar uppljóstrar prófessorinn ótrúlegu leyndarmáli sínu. Daniel Radcliffe, Rupert Grint og Emma Watson stóðu sig einnig afar vel í sínum hlutverkum, sem og Ralph Fiennes í hlutverki Voldemorts.

Þrátt fyrir að Harry Potter og dauðadjásnin sé að mínu mati besta myndin úr myndaflokknum, fannst mér endirinn ekki alveg nógu sannfærandi. Þá var farið nítján ár fram í tímann, þar sem söguhetjurnar fylgdu börnum sínum á King's Cross lestarstöðina en þeirra beið fyrsti dagurinn í Hogwarts. Endirinn er hins vegar smávægilegur galli á annars frábærum endalokum Harry Potter.

Kristjana Arnarsdóttir

Niðurstaða: Harry Potter og dauðadjásnin er magnaður endir á frábærum myndaflokki.

Fagna dýrslegu eðli mannsins

Önnur breiðskífa íslensku rokk sveitarinnar Coral, Leopard Songs, er komin út. Fjögur ár eru liðin frá síðustu plötu, The Perpetual Motion Picture.

„Við erum að fara aftur í ræturnar. Við vildum fanga þennan „live“ kraft sem býr í okkur,“ segir gítarleikarinn Steinar Guðjónsson. „Við misstum okkur í stúdíóvinnu á síðustu plötu. Vorum með kóra, kirkjuorgel, flygla og ég veit ekki hvað og hvað. Núna er þetta meira fjögur hljóðfæri og meira rokk.“ Platan hefur að geyma níu lög, eða fjórutíu og tvær mínútur af hráu rokki og textum sem fagna hinu dýrslega eðli mannsins. Hægt er að hlusta á fyrsta smáskífulagið, The Underwhelmer, á síðunni Facebook.com/coralmusic.

Vinnan við plötuna hófst í ágúst 2008 og var hún að mestu tekin upp á sumrin enda hafa Steinar og söngvarinn Gunnar Jónsson stundað nám við Háskóla Íslands á veturna. Steinar er að klára BS í rafmagnsverkfræði og Gunnar er kominn með tvær BA-gráður í ensku og ritlist. Aðrir meðlimir Coral eru Andrés Hlynsson og Þorvaldur Kári Ingvaldsson. Þeir félagar byrjuðu að spila saman árið 2000 þegar þeir hittust, óharðnaðir unglingar, í Hljóm-skálanum og spiluðu lög með Weezer. Tveimur árum



NÝ PLATA Rokkaramir í Coral hafa gefið út plötuna Leopard Songs. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

síðan gáfu þeir út EP-plötu sem innihélt útvarps-smellinn Arthur.

Hlustunartími vegna nýju plötunnar verður á skemmtistað Hemma og Valda í kvöld. Útgáfutónleikar verða 5. ágúst á Faktörý. - fb

midi.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

10 **POWERYSNING** KL. 10

12 **BRIDESMAIDS** KL. 10

12 **LAUGARÁSBIÓ** Sýningartímar

HARRY POTTER 5, 7.30 og 10(POWER)

ZOOKEEPER 4, 6 og 8

TRANSFORMERS - 3D 10.10

BRIDESMAIDS 4, 6.30 og 9

SAMBÍÓIN

BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN STÆRSTA MYND ÁRSINS

★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER

★★★★★ ET WEEKLY

12 **Harry Potter** OG DAUÐADJÁSINN SJÁÐU LOKAKAFLAN Í 3D

ALFABAKKA

HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40

HARRY POTTER Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40

HARRY POTTER LÚXUS VIP Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40

TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9.10

TRANSFORMERS 3 Sýnd í 2D kl. 8 - 11.10

SUPER 8 kl. 10.20

THE HANGOVER 2 kl. 8

KUNG FU PANDA 2 Sýnd í 2D kl. 6

PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 5.10

AKUREYRI

HARRY POTTER (3D) kl. 5.20 - 8 - 10.40

KUNG FU PANDA 3 kl. 5.20

TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON kl. 8 - 11.20

KEFLAVÍK

HARRY POTTER DIGITAL 3D kl. 8 - 10.40

TRANSFORMERS kl. 9

EGILSHÖLL

HARRY POTTER 3D kl. 2.20 - 5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45

TRANSFORMERS 3 3D kl. 2.20 - 4.25 - 8 - 10.30

SUPER 8 kl. 8

MR. POPPER'S PENGUINS kl. 2.20 - 5.45

KUNG FU PANDA 2 kl. 2.20 - 4.25

KRINGLUNNI

HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40

TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9

BEASTLY kl. 6 - 10.20

SUPER 8 kl. 8

SELFOSS

HARRY POTTER kl. 5.10 - 8 - 10.40

MR POPPER'S PENGUINS kl. 5.40 - 8

SOMETHING BORROWED kl. 10.20

tryggtu þér miða á **SAMBÍÓIN**

BÍÓ PARADÍS

Sjá sýningartíma á **midi.is** og **bioparadis.is**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

PRIMAÚTSALA VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ FRÁBÆRA SUMARÚTSÖLU

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



ÚTSÖLUVERÐ
184.995

VERÐ ÁÐUR 229.995

-20%



50PT351N

50" LG Plasma HDR DivxHD sjónvarp

- 50" Full HD 1920 x 1080 600 Hz plasma sjónvarp
- Tvö HDMI tengi • DivX HD stuðningur á USB, spilar MKV skrár



42LE730N

42" LG LED Full HD 100Hz sjónvarp

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring
- 100 Hz • Fjögur HDMI • DivX HD stuðningur á USB, spilar MKV skrár • Nettengjanlegt

ÚTSÖLUVERÐ
199.995

VERÐ ÁÐUR 269.995

-26%



3141

32" LCD-3231DVX-II sjónvarp

- Mjög gott 26" LCD HD Ready sjónvarp
- Með innbyggðum DVD-spilara • 2 HDMI-tengi

ÚTSÖLUVERÐ
69.995

VERÐ ÁÐUR 89.995

-22%

SALORA



sonoro

**Design Radio
ELEMENTS
svört smástæða**

- Lítil og nett smástæða með innbyggðu útvarpi
- Hægt að tengja iPod og fleiri MP3 spilara við

ÚTSÖLUVERÐ
14.995

VERÐ ÁÐUR 29.995

-50%

4021-100-BL

ÚTSÖLUVERÐ
4.995

VERÐ ÁÐUR 8.995

-44%

2005

**Salora CRL630CD
útvarpsvekjari**

- Frábær hljómur og flott hönnun
- Geislaspilari FM/AM útvarp
- Gott loftnet og þægilegt að stilla.

SALORA



**Nokia C3-01
Silfur**

Takkar og snertiskjár

- Wi-Fi
- Facebook
- Twitter
- 5 MP myndavél

ÚTSÖLUVERÐ
24.995

VERÐ ÁÐUR 39.995

-38%

NOKIA



002S9L7

ÚTSÖLUVERÐ
69.995

VERÐ ÁÐUR 99.995

-30%

**HTC Desire
Hvítur**

- Frábær Android sími með 2.2 Android
- 3,7" skjár
- 5 MP myndavél
- WiFi

htc



ANDROID



10018834

**TDK USB
4GB
minnislykill**



- Einstaklega hraður USB minnislykill frá TDK
- Keyrir þungar skrár og forrit
- Dulkóðunarforrit fylgir með á lykkinum

ÚTSÖLUVERÐ
1.495

VERÐ ÁÐUR 3.995

-63%

75000025926



**MP4 spilari
Airis 1,8"
4GB svartur**

- Þægilegur og einfaldur MP3-spilari
- 4GB minni

ÚTSÖLUVERÐ
6.495

VERÐ ÁÐUR 12.995

-50%

MPA214



AIRIS

20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma

Mikið úrval af farsímum á allt að **60%** afslætti

10% afsláttur af nýjum símunum

**Rýmum til fyrir
nýjum vörum!**

H
Hátækni

ARÚTSALA

Fullkomnar grillveisluna



Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.00

Gossip Girl

Dramatískur lokabáttur fjórðu þáttaraðar. Blair þarf að taka erfiða ákvörðun, Serena leitar að Charlie og Vanessa finnur handrit eftir Dan.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Trío 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Í boði náttúrunnar 14.00 Fréttir 14.03 Tónleikur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Og sólin rennur upp 15.25 Skomingar 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Stefnumót 20.00 Leynifélagið 20.30 Ut um græna grundu 21.30 Kvöldagan: Njáls saga 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt 23.05 Um hella og huldufólkskrú undir Eyjafjöllum 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

12.10 Deal or No Deal 12.45 The Inspector Lynley Mysteries 13.30 The Inspector Lynley Mysteries 14.15 Deal or No Deal 14.50 Deal or No Deal 15.25 Deal or No Deal 16.00 Fawcety Towers 16.35 Allo, Allo! 17.00 Allo, Allo! 17.30 New Tricks 18.20 New Tricks 19.10 Top Gear 20.00 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.15 Top Gear 23.05 Michael McIntyre's Comedy Roadshow 23.50 QI 00.20 QI 00.50 Little Britain 01.20 My Family 01.50 New Tricks

DR 1

11.15 Når løveungen skruer bissen på 11.45 Sommer tid 12.15 Forandring på vej 12.45 Hammerslag Sommermix 13.15 Aftenshowet Sommer 14.00 Byggemand Bob 14.15 Hyrdehunden Molly 14.30 Linus i Svinget 15.00 Miss Marple 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet Sommer 17.45 Sommervejret 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Det Søde Sommerliv 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret 19.35 Aftentour 2011 20.00 Vi mødes i retten 20.50 Ved du hvem du er? 21.50 Onsdags Lotto

NKI 1

11.35 Karanba! 12.05 Grønn glede 12.35 Fotoskolen Singapore 13.00 Derrick 14.00 Sommeråpent 14.45 Ut i naturen 15.10 Poirot 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 70-tallet 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Herskkelig redningsaksjon 18.20 Luftens helter. 18.45 Vikinglotto 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.15 Lov og orden: London 21.00 Kveldsnytt 21.15 På kanten av stupet 22.00 Blod, svette og luksus

svt1

14.05 Musikaliska underbarn 14.55 Allsång på Skansen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.05 Regionala nyheter 16.10 Regionala nyheter 16.15 En svensk sommar i Finland 16.55 Via Sverige 17.10 Radiorhjälpen - Kronprinsessan Victorias fond 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 17.52 Regionala nyheter 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Sommarmord 19.30 The Tudors 20.25 Undercover Boss 21.10 Jämma plågor 21.40 Damages 22.40 Vem tror du att du är? 23.25 Rapport 23.30 Försvunna



Erlendur Eiríksson málarameistari

Jón Björnsson málarameistari

Kjörvari pallaolía

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.

Yfir 80% málarameistara velja vörur frá Málningu hf.* Hvaða viðarvörn notar þú?



málning
- það segir sig sjálft -

*Hlutfall málarameistara í Málaramestarafélaginu sem eru með viðskiptareikning hjá Málningu hf.

Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kaupún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinnsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. Vík Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

VIÐ VERÐUM Á FLÚÐUM UM HELGINA
á útihátíð Bylgjunnar

Á FERÐinni UM LANDIÐ

ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ
Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistartriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

BYLGJULESTIN ÞAKKAR Borgfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Flúðum á útihátíð Bylgjunnar.

BYLGJULESTIN Í SUMAR

3.-5. JÚNÍ	Grindavík
10.-11. JÚNÍ	Selfoss
17.-18. JÚNÍ	Hrafnseyri
24.-25. JÚNÍ	Garður
1.-2. JÚLÍ	Sauðárkrókur
8.-9. JÚLÍ	Borgarnes
15.-16. JÚLÍ	Flúðir
22.-23. JÚLÍ	Fáskrúðsfjörður
5.-6. ÁGÚST	Dalvík
12.-13. ÁGÚST	Hveragerði
20. ÁGÚST	Reykjavík
26.-28. ÁGÚST	Skaftahlíð



„Laugardalslaugin. Ég bjó í Laugardalnum þegar ég var yngri og ég fæ ákveðna nostalgíutilfinningu þegar ég fer þangað.“

Jóhanna Björg Christensen, þáttastjórnandi Nýs útlits á Skjá 1.

Sönghópur í franskri bílaauglýsingu

Sönghópurinn Þrjár raddir & Beatur leikur og syngur í auglýsingu franska bílaframleiðandans Peugeot sem verður tekin upp hér á landi í þessari viku.

„Það var franskur leikstjóri sem sá okkur á Youtube og bara varð að fá okkur í auglýsinguna. Hann lét það ekki standa í vegi fyrir sér að við ættum ekki heima á Íslandi lengur og sendi okkur heim með næstu vél,“ segir Bjartur „Beatur“ Guðjónsson taktaktafur, en hópurinn er búsettur í Ósló.

Auglýsingin verður sýnd á bíla-sýningu í Frankfurt í september þar sem þau troða einnig upp og sömu-

leiðis taka Bjartur og vinkonur hans, þær Inga Þyri Þórðardóttir, Sandra Þórðardóttir og Kenya Emil, þátt í stórum blaðamannafundi Peugeot á bílaráðstefnu í París. „Þetta er rosalega fín auglýsing fyrir okkur líka,“ segir Bjartur hæstánægður með verkefnið.

Hljómsveitin fór í hljóðver í fyrradag til að taka upp lagið sem verður notað í auglýsingunni, en það kemur úr herbúðum Frakkanna. Á morgun leikur hún síðan í sjálfri auglýsingunni. Launin sem sönghópurinn fær fyrir vinnu sína eru góð: „Við erum að fá herramannslega borgað fyrir þetta.“ - fb



LEIKA Í AUGLÝSINGU Þrjár raddir & Beatur leika í franskri bílaauglýsingu. Frá vinstri: Sandra, Bjartur, Inga og Kenya. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tískumyndir um borð í Herjólf



ÍSLENSK FYRIRSÆTA Fyrirsætan Edda Pétursdóttir tók þátt í myndatökunum í Herjólf.

Tökulið frá bandaríska fyrirtækinu Garnet Hill myndaði um borð í Herjólf á mánudaginn fyrir tískubækling sinn sem kemur út fyrir næstu júl. „Þau vildu sjá eyjarnar í bakgrunni. Herjólfur sjálfur var ekki myndefnið,“ segir Hjörtur Grétars-son, framleiðandi hjá True North, aðstoðarmaður hópsins hér á landi.

Tískubæklingurinn er gefinn út fjórum sinnum á ári í Bandaríkjunum og þetta var sömuleiðis í fjórða sinn sem tökuliðið kemur hingað til lands. Í fyrra fóru myndatökur fram á Akureyri og við Mývatn en núna urðu Langjökull og Hvalfjörður fyrir valinu, auk Vestmannaeyja. Fimmtán manns eru í tökuliðinu, þar á meðal fyrirsætan Edda Pétursdóttir og ljósmyndarinn Anna Pálmadóttir sem eru báðar búsettar í New York.

Einhverjar myndatökur fóru fram á Bestu útihátíðinni um síðustu helgi en ólíklegt er að þær verði notaðar í jólabæklinginn. „Þetta eru okkar vinsælustu kunnar,“ segir Hjörtur og býst við því að sýna Bandaríkjamönnum Aust- og Vestfirði næst þegar þeir koma til landsins. - fb



UM BORÐ Í HERJÓLF Tökuliðið myndaði um borð í Herjólf síðastliðinn mánudag fyrir tískubækling sinn.

MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRIKSSON



PYRLUFLUG Nick Knowles, Mick Hutson og Hörður Ellert Ólafsson við þyrluna sem flaug með félagana yfir Glastonbury.

HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON: ÓTRÚLEGT ÆVINTÝRI Á GLASTONBURY

SKÁLAÐI MEÐ KATE MOSS

„Það var ótrúlegt ævintýri að skála með Kate Moss og ferðast með þyrlu um tónleikasvæðið rúmlega hálf tíma seinna,“ segir ljósmyndarinn Hörður Ellert Ólafsson, um einstaka upplifun sína af tónlistarhátíðinni Glastonbury í júní.

Nick Knowles, fyrrverandi markaðsstjóri tónlistartímaritsins Q, var fenginn til að sjá um skrifstofu tímaritsins á hátíðinni og fékk ýmis fríðindi, til dæmis boðsmíða handa einum besta vini sínum Herði, en þeir kynntust þegar Nick bjó á Íslandi.

Á hátíðinni gistu félagarnir í hjólhýsi líft og allt fræga fólkið. Barinn Lulu's var nálægt svæðinu sem þeir gistu á, en Hörður mætti þar Bono, söngvara U2, einn daginn þar sem hann var að fá sér morgunmat.

Fyrirnefnd Kate Moss gisti þó ekki í hjólhýsi heldur á óðalssetri fyrir utan tónleikasvæðið. Hörður keyrði þangað einn daginn ásamt

Nick og einum áhrifamesta ljósmyndara heims á sviði tónlistar, Mick Hutson. Forríkir gestir hátíðarinnar gista á óðalssetrinu og borga rúmlega milljón krónur fyrir þrjár nætur. Hörður segir að þarna hafi hann séð hversu mikil stéttaskipting er í Englandi — hún ríki meira að segja á tónlistarhátíð.

Á óðalssetrinu skáluðu félagarnir í hvítvíni með fólki á borð við Wayne Rooney og Kate Moss en fyrirsætan kom upp að Herði og spurði hvaðan hann væri, eflaust eftir að hafa heyrt hann tala íslensku í gríni. Á óðalssetrinu var þyrlupallur með fimm þyrlum og skömmu síðar voru þeir komnir í yfir-lyftsferð um svæðið.

Hátíðin var mikil upplifun fyrir Hörð

sem ljósmyndara en hann fékk að vera meðal þrjátíu ljósmyndara af þrjú hundruð til að taka myndir fremst á tónleikum Queens of the Stone Age, með hundruð þúsund æsta áhorfendur á bak við sig.

„Gestir Glastonbury voru um 220 þúsund í ár svo þetta er eins og rúmlega allt Stór-Reykjavíkursvæðið fari saman í útilegu í Galtalæk yfir eina helgi,“ segir Hörður og bætir við að Glastonbury verði ekki á næsta ári því grasið og gróðurinn fái að jafna sig fimmta hvert ár.

hallfridur@frettabladid.is



SKÁL! Kate Moss gisti á glæsilegu óðalssetri á meðan Glastonbury-hátíðinni stóð yfir.

Stoltur yfir Sutcliffe-sýningu

„Það er rosalegur heiður fyrir okkur að fá að vera með þetta. Ég er eins og stoltur pabbi þessa dagana,“ segir Ingi Þór Jónsson.

Stór sýning til minningar um „fimmta Bítillinn“ Stuart Sutcliffe verður haldin í Englandi á næsta ári. Ingi Þór starfar sem listrænn stjórnandi hjá Novas CUS í Liverpool, þekktustu lista- og ráðstefnumiðstöð Norður-Englands, þar sem sýningin verður haldin í júní 2012. Þá verða fimmtíu ár liðin síðan Sutcliffe lést, aðeins 22 ára.

Sýningin hefur göngu sína í apríl í Hamborg, þar sem Sutcliffe spilaði með Bítillunum, fer síðan til Liverpool og endar í London í samstarfi við Ólympíuleikana



HELDUR SÝNINGU Sýning um Stuart Sutcliffe verður haldin í Novas CUS í Liverpool þar sem Ingi Þór er listrænn stjórnandi.



FIMMTI BÍTILLINN Stuart Sutcliffe hefur stundum verið kallaður fimmti Bítillinn. NORDICPHOTOS/GETTY

sem þar verða haldnir. „Fimmtán til tuttugu listamenn eru nú þegar byrjaðir að vinna við þetta mikla verkefni,“ segir Ingi Þór og býst við skemmtilegri sýningu.

Stuart Sutcliffe var upprunalegur bassaleikari Bítillanna en hætti áður en hljómsveitin varð heimsfræg til að að einbeita sér að listinni. Hann lést af völdum slagæðagúlps árið 1962. Kvikmyndin Backbeat, sem kom út árið 1994, fjallaði um ævi Sutcliffes og fór bandaríski leikarinn Stephen Dorff með hlutverk hans. - fb

Häcker
Kitchen.germanMade.

Häcker eldhúsinnréttingar

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

BELID ljós í úrvali

Sænsk gæðahönnun á góðu verði



POLAR




PRIMUS II



SPIDER



PICASSO



CASANOVA



HARLEY



DA VINCI



APOLLO

Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris

**ÓDÝRT
FYRIR ALLA!**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stödd úti í geimnum

Ágústhefti bandaríska tískutímaritsins *W* er komið út. Þar er að finna myndabátt með bresku Óskarsverðlaunaleikkonunni **Tildu Swinton** sem var tekinn



hér á landi í byrjun apríl. Myndirnar hafa vakið mikla athygli í erlendum tískumiðlum á borð við *Fashionista*, *Huffington Post* og *Dlisted* og þykja mjög vel heppnaðar. Segja miðlarnir að það sé engu líkara en Swinton sé stödd úti í geimnum og ekki skemmi fyrir að hún líti sjálf út eins og vera úr öðrum heimi.

De la Hoya á Íslandi

Hnefaleikagoðsögnin **Oscar de la Hoya** kom til Íslands á mánudag og ferðast þessa dagana um óbyggðir landsins. De la Hoya greindi frá þessu á Twitter-síðu sinni og birti myndir frá þeim stöðum sem hann var að heimsækja. Hnefaleikakappinn íðilfagri, sem hefur lengi verið talinn á meðal kynþokkafyllstu manna heims, sagði Ísland vera einstaklega fallegt land.



-fb, hbg

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Þakklæti til slökkviliðs og lögreglu efst í huga
- 2 Selflutningum hætt – ferðamenn komnir á land
- 3 Gleyndu að sinna fatlaðri konu í tvo daga
- 4 Stórir fjórhjóladrifsbílar fari Fjallabaksleið nyrðri
- 5 Salka kvartaði ekki undan Sokkabandinu

FORSÍða VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.



Meiri Vísir.

VÍSIR

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Tenerife og Kanarí með VITA

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Flugáætlun

Tenerife

20. des.
3. jan.
17. jan.
31. jan.
7. feb. – 20. mars vikulegt flug
1. apríl

Kanarí

31. okt.
29. nóv.
20. des.
3. jan.
17. jan.
31. jan.
7. feb. – 20. mars vikulegt flug
1. apríl



Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúga með Icelandair vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.



Las Camelias - Kanarí

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

7. feb. - 14. feb.

Verð frá 119.620 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

M.v. 2 fulloröna í íbúð.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 129.620 kr.



Las Dalias - Tenerife

Huggulegt 4 stjörnu hótel á mörkum Costa Adeje og Las Americas.

7. feb. - 14. feb.

Verð frá 133.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

M.v. 2 fulloröna í herbergi m/hálfa fæði.

Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting m/hálfa fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 143.500 kr.



Við erum flutt!

Suðurlandsbraut 2 (Hilton Nordica)



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

vita

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

